



BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins
2011*



Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins
2011

Júlí 2011

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1. Inngangur forstjóra	4
2. Um rekstur Bankasýslu ríkisins	7
2.1. Stjórn og starfsmenn	7
2.2. Rekstur og fjárheimildir	7
2.3. Val á stjórnarmönnum	9
3. Rekstur viðskiptabankanna árið 2010	15
3.1. Rekstrarniðurstaða 2010	15
3.2. Uppgjör einstakra banka	25
3.3. Opinber upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja	29
3.4. Arðsemiskrafa til fjármálafyrirtækja	30
3.5. Aðgerðir bankanna vegna samfélagslegrar ábyrgðar og jafnréttismála	33
4. Sparisjóðirnir	38
4.1. Inngangur	38
4.2. Bankasýsla ríkisins sem stofnfjárhafi	39
4.3. Fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðanna	41
4.4. Afkoma af rekstri sparisjóðanna	42
4.5. Samstarf sparisjóðanna og sameiginlegur rekstur	48
4.6. Innlausnarréttur	50
4.7. Framtíðarrekstur íslenskra sparisjóða – fjórar leiðir	51
4.8. Staða mála	54
5. Rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja	56
5.1. Ytri rekstrarskilyrði	56
5.2. Áhættuþættir og lagaumhverfi	60
5.3. Starfsmenn og útibú	63
5.4. Stærðarhagkvæmni og samruni í bankarekstri	67

1. Inngangur forstjóra

Bankasýsla ríkisins hefur nú starfað í átján mánuði af áætluðum 5 ára starfstíma stofnunarinnar. Á árinu 2010 tók stofnunin við til umsýslu eignarhluti í þremur stærstu viðskiptabönkum landsins og fimm sparisjóðum. Frá ársbyrjun 2010 hefur starfsemi stofnunarinnar verið mótuð og byggð upp eins og fjárframlög leyfa. Fulltrúar hafa verið skipaðir í stjórnir fjármálafyrirtækja og upplýsingagjöf fyrirtækjanna til Bankasýslunnar komið í farveg. Upplýsingastefna Bankasýslunnar var mótuð og upplýsingagjöf hefur verið sinnt m.a. með birtingu á heimasíðu stofnunarinnar. Gengið hefur verið frá samningi við stjórn Landsbankans um almenn og sértæk markmið í rekstri. Unnið hefur verið að endurskipulagningu þeirra sparisjóða sem Bankasýslan fer með eignarhlut í og er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á síðari hluta ársins 2011. Undirbúningur er hafinn að gerð söluáætlunar á hlutum Bankasýslunnar í fjármálafyrirtækjum.

Sala á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum

Það er í verkahring Bankasýslu ríkisins að gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verði boðnir til sölu. Verkefnið er mikilvægt. Tímasetning og framkvæmd sölu hefur margþætt áhrif.

- Fyrst ber að nefna áhrif á mögulega ávöxtun ríkissjóðs af fjárfestingunni og því hvort öðrum markmiðum með eignarhaldi ríkisins hefur verið náð.
- Í öðru lagi mun framkvæmd sölu hafa bein áhrif á fjármálafyrirtækin sem í hlut eiga þar sem uppbygging eigendahóps mótast í sumum tilvikum að mestu leyti af ákvörðunum ríkisvaldsins við sölu.
- Í þriðja lagi ber að nefna áhrif á kaupendur, en ríkisvaldið mun ekki geta selt eignarhluti fyrr en meiriháttar óvissuþáttum í rekstri og umhverfi fjármálafyrirtækjanna hefur verið eytt.
- Í fjórða lagi má loks nefna að sala stórra eignarhluta getur haft veruleg áhrif á þróun hlutabréfamarkaðar, en afar mikilvægt er að vel takist til við stórar nýskráningar á markað eftir hrun íslenska hlutabréfamarkaðarins. Gera má ráð fyrir að verðmyndum verði viðkvæm, jafnvel þannig að tilhneiging verði til bóllumyndunar þegar fjármálamarkaður er lokaður og fjárfestingarþörf fagfjárfesta er stöðug.

Það er því ljóst að miklu skiptir að vel takist til við undirbúning og framkvæmd söluáætlunar, sem og annarra verkefna Bankasýslunnar. Af hálfu stofnunarinnar var því lýst yfir þegar á fyrsta starfsári að vegna núverandi og fyrirsjáanlegra verkefna væri nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum m.a. til að stofnunin byggji yfir nauðsynlegum þekkingargrunni. Þá yrði stofnunin að geta leitað til utanaðkomandi sérfræðinga þegar þörf kræfi, en í málefnum Bankasýslunnar kann að vera nauðsynlegt að leita til erlendra sérfræðinga vegna tiltekinna verkefna. Uppbygging stofnunarinnar hefði þurft að eiga sér stað á árinu 2010 þar sem verkefni hennar eru aðkallandi, hagsmunir miklir og starfstími takmarkaður. Fjármögnun stofnunarinnar gaf hins vegar ekki svigrúm til þess.

Viðskiptabankar

Rekstrartekjur viðskiptabankanna sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti í jukust um 32% milli árana 2009 og 2010. Óreglulegir liðir vega þungt í uppgjörum bankanna og dregur ekki úr áhrifum þeirra milli ára.

Frá sjónarhóli Bankasýslunnar sem framfylgir langtímamarkmiðum með eignarhaldi, er mikilvægt að skoða stöðu reglulegs rekstrar fjármálafyrirtækjanna, þar sem áhrif af óreglulegum liðum eru undanskilin. Arðsemi af reglulegum rekstri Arion banka og Landsbankans voru ófullnægjandi á árinu 2009.

Arðsemi þessara banka batnaði hins vegar á árinu 2010. Að mestu leyti má þakka bætta arðsemi auknum vaxtamun sem stafaði af breytingum í vaxtaumhverfi á árinu 2010. Vaxtatekjur bankanna þriggja jukust um 35% á árinu 2010.

Virðisbreytingar á eignasafni voru jákvæðar í öllum bönkunum. Mest var hrein virðisaukning í Íslandsbanka, 14 ma.kr. þar sem ekki er um skilyrt skuldabréf að ræða milli nýja bankans og Glitnis. Hrein virðisaukning nam 1,9 ma.kr. hjá Arion banka og um 0,6 ma.kr. hjá Landsbankanum. Hækkun á skilyrtu skuldabréfi útgefnu af Landsbankanum til Landsbanka Íslands hf. (gamla bankans) nam hins vegar 16,3 ma.kr. og má því segja að jákvæð virðisbreyting á eignasafninu nemi 16,9 ma.kr. í Landsbankanum. Í Arion banka er sambærileg tala 13,5 ma.kr.

Misvægi í gjaldeyrisjöfnuði hafði mikil áhrif á rekstur Landsbankans. Rekstrartekjur bankans jukust um 14,6 ma.kr. vegna áhrifa af gjaldeyrisveiflum. Ljóst er að svo mikið misvægi skapar óviðunandi áhættu.

Rekstrarkostnaður jókst verulega í bönkunum á árinu 2010, eða um 15%. Vegna hækkunar á rekstrartekjum milli ára kemur kostnaðaraukning ekki fram í hærri kostnaðarhlutföllum, nema í tilviki Íslandsbanka. Ef horft er á kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna má hins vegar sjá að kostnaður íslensku bankanna er hár. Þegar jákvæðum áhrifum af virðisbreytingu á eignasafni sleppir mun skipta miklu máli að kostnaðarhlutföll bankanna séu góð. Aðgerðir til að draga úr kostnaði hljóta að vera forgangsverkefni stjórnar og stjórnenda bankanna á árinu 2011 og 2012.

Viðskiptabankarnir eru að stærstum hluta fjármagnaðir með innlánum. Það er brýnt verkefni allra bankanna að undirbúa breytingar á fjármögnun.

Eiginfjárgrunnur allra bankanna er sterkur eða á bilinu 19 – 27% í lok árs 2010. Bankarnir eru þó allir með hátt hlutfall af lánum sem þarfnast endurskipulagningar og er óvissa um gæði eignasafnsins því enn töluverð. Ljóst er að allir bankarnir leggja kapp á að ljúka endurskipulagningu lánasafna sinna.

Af viðskiptabönkunum þremur fer Bankasýsla ríkisins aðeins með meirihluta hlutafjár í Landsbankanum. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að aðrar leikreglur eigi að gilda um Landsbankann þar sem hann er í meirihluta eigu ríkisins. Sem dæmi um það má nefna frumvarp til upplýsingalaga sem lagt var fram á vorþingi 2011, en einnig þá stöðu að laun bankastjóra Landsbankans eru ákvörðuð af kjararáði. Ljóst er að laun bankastjóra Landsbankans standast ekki samanburð á því sviði sem bankinn starfar og er það óviðunandi.

Bankasýslunni er ætlað að gæta hagsmuna ríkisins sem hluthafa og varar því við tilhneingingu til sérreglna um fjármálafyrirtæki í ríkiseigu. Það dregur úr samkeppnishæfni þeirra. Hafa verður í huga að skerðing á samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins er líkleg til þess að koma með neikvæðum hætti niður á verðmæti þeirra og þannig skerða þá almannahagsmunum sem fólgnir eru í því að ríkissjóður fái sem bestar endurheimtur af því fé sem hann hefur lagt til fjármálafyrirtækja.

Sparisjóðir

Bankasýsla ríkisins tók við stofnfjárlutum ríkissjóðs í fimm sparisjóðum í desember 2010 og janúar 2011.

Bankasýslan hefur lagt mat á rekstur sparisjóðanna í fortíð og rekstraráætlanir þeirra til framtíðar. Ef litið er til síðustu tíu ára hefur arðsemi af reglulegum rekstri sparisjóðanna verið veik. Fjárhagslegri endurskipulagningu er nýlukið og því ekki ljóst hver arðsemi af rekstri endurskipulagðra fyrirtækja mun verða. Erfið rekstrarskilyrði fjármálafyrirtækja almennt og sérstakur vandi sparisjóðanna, sem standa fáir eftir með sameiginlegan rekstur sem áður var borinn af umtalsvert stærra sparisjóðakerfi, gefa þó ekki tilefni til bjartsýni. Ljóst er að framtíðarrekstur þeirra sparisjóða, sem Bankasýslan fer nú með eignarhlut í, er samtvinnaður rekstri annarra sparisjóða og minni fjármálafyrirtækja á landinu þar sem þau standa sameiginlega að rekstri upplýsingatækifyrirtækisins Teris.

Nauðsynlegt er að takast á við rekstrarlega endurskipulagningu sparisjóðakerfisins af festu. Viðfangs-efnið er þríþætt. (1) Endurskoða þarf viðskiptalíkan sparisjóðanna og leggja mat á rekstrarhæfi sjóðanna til lengri tíma litið. Í því felst að skoða þarf bæði möguleika á innri hagræðingu og sameiningum sparisjóða í stærri einingar eða samruna við viðskiptabanka. (2) Grípa þarf til aðgerða til að laga sameiginlegan rekstur sparisjóðanna að fækkun þeirra fyrirtækja sem að rekstrinum standa. Þar vegur þýngst kostnaður vegna upplýsingatækni en einnig rekstur Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP). (3) Loks er það mat Bankasýslunnar að endurskoða þurfi löggjöf um sparisjóði þannig að stofnfjáreign geti orðið aðlaðandi fjárfestingarkostur. Það er brýnt að mögulegt verði að fá nýja stofnfjárhafa að rekstrinum þegar ríkissjóður losar um eignarhald sitt.

Nú þegar er unnið að því af nýskipuðum stjórnun sparisjóðanna að skoða möguleika á sameiningum við aðra sparisjóði eða banka. Stjórn og eigendur upplýsingatæknifyrirtækisins Teris hafa skorið niður kostnað og kannað möguleika á sameiningum. Kostnaður við rekstur SÍSP hefur verið skorinn niður og ákvörðun um framtíðarrekstur samtakanna bíður niðurstöðu af sameiningarviðræðum sparisjóðanna.

Að mati Bankasýslunnar er aðkallandi að taka ákvarðanir um framtíð sparisjóðakerfisins. Minni háttar breytingar kunna að vera ófullnægjandi til að tryggja sjálfbærni sparisjóðanna til lengri tíma.

Þess ber að geta að um miðjan febrúar 2011 var Bankasýslan upplýst um að eiginfjárlutfall Sparisjóðs Svarfdæla, reiknað samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, væri þegar komið undir það 16% hlutfall sem Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um. Þegar endurskoðaður ársreikningur félagsins lá fyrir var ljóst að eiginfjárlutfallið var 10,5% í árslok 2010. Þessi staða kann að hafa áhrif á þær tillögur sem gera verður um rekstrarlega endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla.

2. Um rekstur Bankasýslu ríkisins

2.1. Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð er af fjármálaráðherra. Skipun stjórnar er ótímabundin og miðast við líftíma stofnunarinnar sem áætlað er að verði fimm ár. Hlutverk stjórnar er að móta áherslu í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Á árinu 2010 voru aðalmenn í stjórn Þorsteinn Þorsteinsson rekstrarhagfræðingur, stjórnarformaður, Sonja María Hreiðarsdóttir lögmaður, varaformaður stjórnar, og Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur. Varastjórnarmaður var Guðrún Johnsen hagfræðingur, en hún baðst lausnar úr stjórn í mars 2010. Sigurður B. Stefánsson baðst lausnar úr stjórn Bankasýslunnar í febrúar 2011 en hafði þá ekki tekið þátt í störfum stjórnar frá nóvember 2010 vegna breytinga á störfum.

Í febrúar 2011 var Steinunn Kristín Þórðardóttir rekstrarhagfræðingur skipuð nýr aðalmaður í stjórn og Jón Sigurðsson lögmaður varamaður.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Elín Jónsdóttir lögfræðingur. Forstjóri sér meðal annars um stefnumótun stofnunarinnar, samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í, samningagerð, eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins, stjórnun og daglegan rekstur.

Hagfræðingarnir Karl Finnbogason og Snorri Jakobsson eru sérfræðingar Bankasýslunnar í eignastýringu. Sérfræðingar í eignastýringu bera ábyrgð á og hafa eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, taka þátt í að framfylgja eigendastefnu ríkisins, sjá um úrvinnslu og endurskipulagningu eignasafns, sjá um upplýsingagjöf til eiganda og undirbúa tillögur um útgönguleiðir og sölu eigna.

Erna Björg Smáradóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er verkefnastjóri skjala- og upplýsingamála. Verkefnastjóri ber ábyrgð á skjalavistun Bankasýslunnar, hefur umsjón með heimasíðu, ritar fundargerðir, tekur þátt í textasmíð, gerð verkferla og yfirllestri texta, sér um innkaup, samninga og almennt skrifstofuhald.


2.2. Rekstur og fjárheimildir

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum. Þann 4. janúar 2010 var stofnuninni falið að fara með eignarhluti í Landsbankanum, þá NBI hf. (81,3%), Arion banka (13%) og Íslandsbanka (5%). Þann 31. ágúst 2010 bættist við stofnfjárhlutur í Sparisjóði Norðfjarðar (49,5%) og þann 16. desember sama ár. bættust við stofnfjárhlutir í Sparisjóði Bolungarvíkur (90,9%) og Sparisjóði Vestmannaeyja (55,3%). Þann 5. janúar 2011 var Bankasýsla ríkisins falið að fara með stofnfjárhluti ríkissjóðs í Sparisjóði Svarfdæla (90%) og Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis (75,8%).

Tafla 1: Hlutfé og stofnfé ríkissjóðs í m.kr. miðað við fjárfestingardag

Hlutfé- og stofnfé Bankasýslu ríkisins			
	Eignarhlutur	Hlutfé og stofnfé ríkisins	Hlutfall af heildareignum
Landsbankinn (NBI)	81,3%	122.000	89,0%
Arion banki	13,0%	9.862	7,2%
Íslandsbanki	5,0%	3.250	2,4%
Sparisjóður Bolungarvíkur	90,9%	607	0,4%
Sparisjóður Vestmannaeyja	55,3%	555	0,4%
Sparisjóður Svarfdæla	90,0%	382	0,3%
Sparisjóður Norðfjarðar	49,5%	269	0,2%
Sparisjóður Þórshafnar	75,8%	195	0,1%
Samtals		137.120 kr.	100,0%

Mynd 1: Eignarhlutir í umsjá Bankasýslu ríkisins sem hlutfall af heildareignum, miðað við fjárfestingardag



Á árinu 2010 námu gjöld vegna rekstrar Bankasýslu ríkisins 64,8 m.kr. Þau skiptust þannig að kostnaður við reglulegan rekstur nam 51,4 m.kr., en stofnkostnaður nam 13,4 m.kr. Framlag úr ríkissjóði vegna ársins 2010 nam 51,4 m.kr. Framlag úr ríkissjóði vegna ársins 2009 nam 36 m.kr. sem m.a. var vegna áætlaðs stofnkostnaðar. Þar sem stofnunin tók ekki til starfa fyrr en á árinu 2010 voru gjöld ársins 2009 aðeins 1,6 m.kr. og var fjárheimild ársins 2009 vegna stofnkostnaðar flutt til ársins 2010.

Fjárheimildir Bankasýslu ríkisins vegna rekstrarársins 2011 eru 71,9 m.kr. og hækkuðu milli ára þannig að unnt er að reka stofnunina með óbreyttum starfsmannafjölda í heilt starfsár, auk svigrúms til að greiða fyrir sérfræðipjónustu eða ráða einn starfsmann. Í ljósi verkefna á fyrri hluta árs 2011 var tekin ákvörðun um að mikilvægara væri fyrir stofnunina að hafa svigrúm til að ráða utanaðkomandi sérfræðinga í tímabundin verkefni.

Af hálfu Bankasýslu ríkisins hefur því mati verið lýst að vegna núverandi og fyrirsjáanlegra verkefna og nauðsynlegs þekkingargrunns hefði verið nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum stofnunarinnar um að lágmarki þrjá. Bent var á að ráðning viðbótarstarfsmanna gæti verið tímabundin þar sem þunginn í verkefnum Bankasýslunnar yrði á fyrstu árum stofnunarinnar. Því til viðbótar sé nauðsynlegt að stofnunin hafi fjárheimildir til að leita utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar. Í málefnum Bankasýslunnar kann að vera nauðsynlegt að leita til erlendra sérfræðinga vegna tiltekinna verkefna, t.d. við undirbúning og framkvæmd á sölu stærri eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Uppbygging stofnunarinnar hefði átt að eiga sér stað á árinu 2010 þar sem verkefni hennar eru aðkallandi, hagsmunir miklir og starfstími takmarkaður. Fjármögnun gaf ekki svigrúm til þess.

Starfsmenn Bankasýslunnar eru aðeins fjórir. Eignir í stýringu nema, samkvæmt úppfærðu hlutfjárframlagi, 137 milljörðum króna. Auk þess hefur ríkissjóður veitt sömu fjármálafyrirtækjum víkjandi lán sem nema um 55 milljörðum króna. Hagsmunir ríkisins af því að gott eftirlit sé með fjárfestingunni eru miklir. Sem hlutfall af eignum í stýringu nemur rekstrarkostnaður Bankasýslunnar fyrir árið 2011 tæpum 0,05%.

Af þeim stofnunum sem settar hafa verið upp vegna hruns fjármálakerfisins eða sem notið hafa aukinna fjárframlaga vegna verkefna sem tengjast hruninu er Bankasýsla ríkisins með þá sérstöðu að vera framskyggn í verkefnum sínum. Henni eru jafnframt ætluð tímabundin verkefni og takmarkaður líftími og því ekki hættá á að erfitt reynist að draga saman rekstrarkostnað þegar fram í sækir. Ekkert svigrúm er hins vegar til að byggja upp starfsemi stofnunarinnar smám saman.

Bent skal á að á vegum ríkisins eru nú rekin tvö eignarhaldsfélög á fjármálamarkaði, annað samkvæmt lögum um Bankasýslu ríkisins, hitt er Eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands. Þar sem verkefni þessara stofnana eru sambærileg væri æskilegt að skoða sameiningu þessara eininga.

2.3. Val á stjórnarmönnum

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins skipa þau Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs Nasdaq OMX, formaður, dr. Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Stjórn Bankasýslunnar hefur sett valnefnd starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um þau viðmið sem valnefndin skal styðjast við í mati sínu á hæfni stjórnarmanna. Við tilnefningu þarf enn fremur að taka tillit til hæfisskilyrða laga um fjármálafyrirtæki og laga um hlutfélög ef um hlutfélag er að ræða.

Stjórn Bankasýslu ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir kjör á aðalfundum eða hluthafafundum. Valnefndin tilnefnir í hvert sinn tvo til þrjá aðila fyrir hvert sæti sem losnar í stjórnnum eða bankaráðum. Valnefndin leitar eftir aðilum að eigin frumkvæði en einnig geta aðilar, sem telja sig uppfylla skilyrði fyrir stjórnarsetu, gefið kost á sér með því að senda valnefndinni ferilskrár sínar.

Við tillögugerð leggur valnefndin mat á hæfni aðila m.a. að teknu tilliti til hversu mikla yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi hefur í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfshætti fjármálafyrirtækja. Nefndin tekur enn fremur mið af þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig og skal tilnefna stjórnarmenn sem hafa fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og hæfni sem nýtist í störfum fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Stjórn og forstjóri Bankasýslu taka ákvörðun um hvernig hagað skuli vali á stjórnarmönnum úr þeim hópi sem valnefnd tilnefnir og nýtir stofnunin atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum/stofnfjárhafafundum í samræmi við það. Á síðasta aðalfundartímabili voru tilnefndir og kosnir 46 stjórnarmenn af hálfu Bankasýslu ríkisins í átta fjármálafyrirtæki.

2.3.1. Stjórnarmenn tilnefndir af Bankasýslu ríkisins

Arion banki hf.

Agnar Kofoed-Hansen

Agnar Kofoed-Hansen lauk grunnnámi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og meistaranámi í rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet ásamt því að ljúka prófum í Sloan School of Management, M.I.T.

Agnar starfar sem framkvæmdastjóri fjármála hjá HRV ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Greiðslumats ehf. (2007, 2008) og framkvæmdastjóri SPRON Factoring hf. frá 2000-2007. Á árunum 1998-2000 var hann deildarstjóri og stjórnarmaður hjá Lánstrausti hf. og þar á undan framkvæmdastjóri hjá Upplýsingaþjónustunni ehf., eða frá 1994-1998. Agnar stofnaði Greiðslumat ehf. árið 1992 og starfaði þar sem framkvæmdastjóri til 1994. Hann var forstöðumaður Verðbréfadeildar Kaupþings hf. á árunum 1989-1991 og forstöðumaður Lánasviðs Iðnaðarbanka Íslands hf. á árunum 1987-1989.

Varamaður í stjórn Arion banka er Sigurbjörn Gunnarsson.

Íslandsbanki hf.

Kolbrún Jónsdóttir

Kolbrún Jónsdóttir útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1987. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Vátryggingafélags Íslands hf. frá 2008-2010. Á árunum 1996-2008 starfaði hún hjá Íslandsbanka hf., m.a. sem útibússtjóri og forstöðumaður bakvinnslu. Kolbrún var fjármálastjóri Húsasmiðjunnar ehf. á árunum 1989-1996.

Varamaður í stjórn Íslandsbanka er María E. Ingvadóttir.

Landsbankinn hf.

Gunnar Helgi Hálfðanarson stjórnarformaður

Gunnar Helgi Hálfðanarson er formaður bankaráðs Landsbankans. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í rekstrarhagfræði (MBA) frá McMaster University í Ontario í Kanada. Gunnar Helgi starfaði sem forstjóri Landsbréfa hf. frá 1989-1999 og var framkvæmdastjóri sjóðasviðs Landsbanka Íslands hf. frá 1997-1999. Frá árinu 1999-2009 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá AllianceBernstein Investments, með aðsetur í Stokkhólmi og megináherslu á þróun viðskiptasambanda við helstu bankasamstæður Norðurlanda og íslenska lífeyrissjóði.

Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður stjórnar

Sigríður Hrólfsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í rekstrarhagfræði (MBA) frá Kaliforníuháskóla í Berkeley. Hún starfaði við fjárstýringu hjá Íslandsbanka hf. 1994-1998 og hjá Eimskipafélagi Íslands hf. frá 1998-2004, fyrst sem forstöðumaður fjárreiðudeildar og frá 2000 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hún var framkvæmdastjóri fjárfestinga- og fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 2007-2008 og hefur verið framkvæmdastjóri Árvakurs frá 2009.

Guðríður Ólafsdóttir¹

Guðríður Ólafsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í heimspeki og fjölmiðlafræði frá Háskólanum í Osló. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og staðgengill forstjóra hjá Lýsingu hf. 1993-2007 og sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans hf. frá 2008-2009.

Þórdís Ingaadóttir

Þórdís Ingaadóttir lauk Cand Juris-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Hún stundaði framhaldsnám við New York School of Law þar sem hún var Fulbright-styrkþegi. Þaðan lauk hún LLM-prófi árið 1998 í International Legal Studies. Frá árinu 2006 hefur hún stundað doktorsnám í lögfræði við Helsinki-háskóla.

Þórdís starfaði við lögfræðiráðgjöf fyrir Félag einstæðra foreldra árin 1992-1993 og sem fulltrúi á lögfræðiskrifstofu Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl. og Óskars Magnússonar hrl. árin 1993-1995. Að loknu

¹ Guðríður Ólafsdóttir hefur sagt sig úr stjórn Landsbankans frá og með júní 2011 og mun Andri Geir Arinbjarnarson, fyrsti varamaður, taka sæti aðalmanns.

framhaldsnámi við New York University starfaði hún sem lögfræðingur við skólann frá 1999-2003 (The Project on International Courts and Tribunals (PICT), the Center on International Cooperation). Hún starfaði á lagaskrifstofu Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 2004 og hefur verið dósent við Lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2004. Þórdís hefur skrifað fjölda fræðigreina og bókarkafla.

Andri Geir Arinbjarnarson, fyrsti varamaður²

Andri Geir Arinbjarnarson lauk BSc. í verkfræði frá Háskóla Íslands og útskrifaðist sem verkfræðingur frá Tækniháskólanum í Danmörku. Hann lauk MBA-námi frá Stanford háskóla. Andri Geir hefur starfað sem sjálfstæður ráðgjafi frá árinu 2006. Á árunum 2001-2006 var hann framkvæmdastjóri hjá Search Value í London, en hann var einnig stofnandi þess fyrirtækis. Andri Geir gegndi ýmsum störfum hjá Whitehead Mann Ltd. í London á árunum 1993-2001 þar sem hann var meðeigandi, en hann var meðal annars forstjóri, fjármálastjóri og yfirmaður upplýsingamála auk fleiri starfa. Frá 1989-1991 starfaði Andri Geir hjá McKinsey & Co. í London og New York og var markaðsráðgjafi hjá IBM í Reykjavík 1985-1986. Á árunum 1984-1985 var hann verkefnastjóri hjá Danish Steel Ltd. í Frederiksværk.

Aðrir varamenn í stjórn Landsbankans eru Jón Sigurðsson, Helga Loftsdóttir og Kristján Þ. Davíðsson.

Sparisjóður Bolungarvíkur

Ragnar Birgisson stjórnarformaður

Ragnar Birgisson er formaður stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur. Ragnar útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1976 og lauk MBA-gráðu frá London Business School árið 1979. Ragnar hefur starfað hjá VJI ráðgjöf ehf. frá árinu 2010. Hann var framkvæmdastjóri Icelandic Water Holdings ehf. á árunum 2006-2009 og meðeigandi í Skaptafelli ehf. árið 2005. Ragnar var forstjóri Skífunnar ehf. árin 2003-2004 og 1996-2000. Hann var aðstoðarforstjóri Norðurljósa hf. árið 2000-2003, forstjóri Opal hf. á árunum 1989-1996 og forstjóri Sanitas hf. á árunum 1979-1989. Ragnar var sérfræðingur í Hagdeild Landsbankans hf. árið 1978 og framkvæmdastjóri Sana hf. 1976-1977. Ragnar starfaði sem sérfræðingur í Áætlanadeild hjá Framkvæmdastofnun ríkisins árið 1975-1976.

Sigrún Elsa Smáradóttir

Sigrún Elsa Smáradóttir lauk BSc-námi í matvælafræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og MBA-námi frá sama skóla árið 2002. Sigrún Elsa situr nú í stjórn Jarðborana hf. og stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna auk þess að vera framkvæmdastjóri Iceland Exclusive Travels ehf. Sigrún Elsa var borgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 2007-2010. Árið 2008 vann hún við ráðgjöf og var sölu- og markaðsstjóri hjá Austurbakka hf., síðar Icepharma hf. á árunum 1996-2008.

Þorgeir Pálsson

Þorgeir Pálsson útskrifaðist úr sjávarútvegshagfræði frá Nordland Distrikt Höyskole árið 1998. Hann lauk prófi í International Management frá Norwegian School of Management árið 1989 og lauk MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008. Þorgeir er eigandi Thorp ehf. og starfar þar sem framkvæmdastjóri og rekstrarráðgjafi. Hann var framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. árin 2008-2010 og stjórnunarráðgjafi hjá IMG Ráðgjöf (nú Capacent) á árunum 2004-2006. Þorgeir var meðeigandi og framkvæmdastjóri ICECON ehf. á árunum 2001-2004 og starfaði sjálfstætt við rekstrarráðgjöf 2000-2001. Hann var markaðsathugunarstjóri hjá Útflutningsráði Íslands (nú Íslandsstofa) frá 1991-1994 en þá tók hann við starfi forstöðumanns sjávarútvegssviðs. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður markaðsstjóra hjá Marel hf. og síðar sölustjóri yfir Bretlandi og Spáni

² Andri Geir Arinbjarnarson tekur sæti aðalmanns í stjórn Landsbankans frá og með júnímánuði 2011 vegna úrsagnar Guðríðar Ólafsdóttur úr stjórn.

Anna Sigríður Jörundsdóttir

Anna Sigríður Jörundsdóttir útskrifaðist með B.ed. úr Kennaraháskóla Íslands árið 2002 og stundar nú MBA-nám við Háskóla Íslands. Anna Sigríður hefur starfað sem skrifstofustjóri fyrir Ósafl sf. frá árinu 2008. Hún starfaði sem kennari við grunnskóla Bolungarvíkur á árunum 1998-2002. Anna Sigríður hefur einnig unnið við bókhald og rekstur við eigin fyrirtæki frá 1987.

Varamenn í stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur eru Rögnvaldur Guðmundsson, María Júlía Rúnarsdóttir, Sigurjón Kr. Sigurjónsson og Gísli Jón Hjaltason.

Sparisjóður Norðfjarðar**Hildur Dungal**

Hildur Dungal útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000. Hildur tók sæti í aðalstjórn Nýherja hf. í febrúar 2011. Hún hóf störf hjá Útlendingastofnun árið 2003 og tók við starfi forstjóra árið 2005. Því starfi gegndi hún fram til ársins 2008. Áður starfaði Hildur sem deildarstjóri lögfræði- og upplýsingadeildar tollheimtusviðs hjá Tollstjóranum í Reykjavík

Hákon Björnsson

Hákon Björnsson er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hákon hefur verið framkvæmdastjóri Thorsil ehf. frá því í janúar 2010. Hann var verkefnisstjóri Grímansfells ehf. og Hótel Hafnarfjarðar ehf. við uppbyggingu á hóteli og hótélrekstri frá 2006-2010 og verkefnisstjóri hjá Lág múla 9 ehf. frá 2006-2007. Hákon var framkvæmdastjóri Promeks AS í Noregi 2003-2005 og verkefnisstjóri hjá COD Technologies AS á árunum 2001-2007. Frá árinu 1998 hefur hann verið framkvæmdastjóri Allied Efa hf. Hákon var sérfræðingur hjá Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankanum 1997-1998 og framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðjunnar hf. 1985-1997. Hann var framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar hf. 1979-1985 og framkvæmdastjóri Dósagerðarinnar hf. 1975-1979.

Varamenn í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar eru Árný Björg Bergsdóttir og Guðný Bjarkadóttir.

Sparisjóður Svarfdæla**Helga Björk Eiríksdóttir stjórnarformaður**

Helga Björk Eiríksdóttir er formaður stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfavíðskiptanam við Háskólann í Reykjavík.

Helga Björk starfar sem sjálfstæður ráðgjafi. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanevnd og slitastjórn Kaupþings banka hf. á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX - Kauphallari Ísland hf. um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla auk annarra starfa og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík.

Valdimar Snorrason

Valdimar Snorrason er framkvæmdastjóri hjá Assa ehf. og hefur setið í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla frá árinu 2009.

Kristján Pétur Kristjánsson

Kristján Pétur Kristjánsson er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Bifröst. Þá stundaði hann einnig nám í viðskiptum og lögfræði við Shanghai University í Kína. Kristján starfar hjá LS Finance ehf.,

fyrirtækja- og fjármálaráðgjöf, Lögfræðistofu Suðurnesja. Áður en Kristján hóf störf hjá LS Finance árið 2009 starfaði hann sem sérfræðingur á viðskiptapróunar- og fjármálasviði Geysis Green Energy ehf. eða frá árinu 2007. Þar á undan starfaði hann sem verkefnastjóri fjármálasviðs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Þröstur Jóhannsson

Þröstur Jóhannsson er menntaður skipstjóri og starfar sem slíkur. Þröstur hefur setið í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla frá árinu 2009.

Borghildur Freyja Rúnarsdóttir

Borghildur Freyja Rúnarsdóttir er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og hefur hlotið réttindi sem viðurkenndur bókarari frá Háskólanum í Reykjavík. Borghildur Freyja starfar sem fjármálastjóri hjá Promens Dalvík ehf.

Varamenn í Sparisjóði Svarfdæla eru Óskar Óskarsson, Bára Höskuldsdóttir, Sigurlaug Stefánsdóttir, Svana Halldórsdóttir og Jón Ingi Sveinsson.

Sparisjóður Vestmannaeyja

Kristín Guðmundsdóttir stjórnarformaður

Kristín Guðmundsdóttir er formaður stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja. Kristín útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1980. Kristín starfaði sem forstjóri Skipta hf. fram til apríl 2011. Áður starfaði hún sem fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. og var fjármálastjóri Granda hf. á árunum 1994-2002. Á árunum 1990-1994 var Kristín forstöðumaður reikningshalds og áætlana í Íslandsbanka hf. og forstöðumaður fjármálasviðs lðnaðarbanka Íslands hf. 1985-1990. Hún var innri endurskoðandi lðnaðarbanka Íslands hf. 1980-1985 og skrifstofustjóri í Grensásútibúi lðnaðarbankans á árunum 1974-1979.

Stefán S. Guðjónsson

Stefán S. Guðjónsson stundaði nám í markaðsfræðum við College for the Distributive Trades í London 1975-1978 og lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Einnig lauk hann prófi í verðbréfa- viðskiptum árið 2001. Stefán hefur starfað sem forstjóri heildverslunarinnar John Lindsey hf. frá árinu 2002. Stefán var framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna (síðar Samtaka verslunarinnar) frá 1991 til 2001 og samhliða því einnig framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins frá 1995-2001. Hann var framkvæmdastjóri Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna frá 1989 til 2001 og starfaði m.a. á skrifstofu Verslunaráðs Íslands á árunum 1989-1991. Áður var hann viðskiptafræðingur hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Þorbjörg Inga Jónsdóttir útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1993. Þorbjörg Inga hefur auk þess hlotið diploma í alþjóðarétti frá Háskólanum í Helsinki og mannúðarétti frá alþjóðaráði Rauða krossins. Hún stundaði einnig viðskipta- og rekstarnám við Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands á árunum 1997-2000. Þorbjörg Inga hefur starfað sem hæstaréttarlögmaður á Lagapíngi sf., eigin lögmannsstofu, frá árinu 2001 og verið stundakennari í kröfurétti o.fl. við Háskólann á Bifröst frá 2007. Hún var framkvæmdastjóri Fasteignasölu Mosfellsbæjar ehf. 1998-2001. Á árunum 1996-2001 var hún héraðsdómslögmaður hjá Lögbæ ehf., en hún var einnig eigandi þeirrar stofu. Þorbjörg Inga starfaði sem lögfræðingur hjá Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis á árunum 1992-1996.

Varamenn í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja eru Trausti Harðarson, Jónína B. Bjarnadóttir og Halldór Halldórsson.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis**María Lóa Friðjónsdóttir stjórnarformaður**

María Lóa Friðjónsdóttir er formaður stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis. María Lóa útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst árið 2006 og lauk meistaraþrófi í stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi frá Háskólanum á Akureyri árið 2010. María Lóa starfaði sem fyrirtækjaráðgjafi á sölusviði hjá Intrum á Íslandi ehf. á árunum 2007-2010. Á árunum 2005-2007 var hún skrifstofustjóri og staðgengill sparisjóðsstjóra hjá Sparisjóði Skagafjarðar. María Lóa var framkvæmdastjóri í áttaksverkefni hjá Stefnu ehf. á Akureyri árið 2005 og framkvæmdastjóri upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Norðurlandi vestra sumarið 2004. Á árunum 2001-2003 starfaði hún á rekstrarsviði Byggingastofnunar og var skrifstofustjóri í afleysingum hjá Vegagerðinni á Norðurlandi vestra árið 2000-2001. María Lóa var framkvæmdastjóri og eigandi sólbaðsstofunnar Lindarinnar heilsustúdíós ehf. og Gallerís Lindar frá 1997-2001. Hún var markaðs- og þjónustustjóri og staðgengill útibússtjóra í Landsbankanum hf. árin 1982-1998.

Hólmgeir Karlsson

Hólmgeir Karlsson lauk verkfræðiþrófi í mjólkuriðn frá Landbúnaðarháskóla Noregs árið 1983 og námi í rekstri og stjórnun frá Háskólanum í Liverpool árið 2008. Hólmgeir hefur verið framkvæmdastjóri Bústólpa ehf. á Akureyri frá árinu 2007. Hann var framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs hjá Norðurmjólk ehf. á Akureyri á árunum 2000-2007. Hólmgeir var mjólkursamlagsstjóri hjá Mjólkursamlagi KEA á árunum 1997-2000 og framleiðslustjóri á sama stað á árunum 1988-1997. Hann starfaði hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði á árunum 1986-1988.

Ragnar Þorgeirsson

Ragnar Þorgeirsson lauk prófi í iðnrekstrarfræði frá Tækniskóla Íslands árið 1991 og BA-prófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskólanum í Álaborg árið 1997. Hann lauk meistaranámi í alþjóðaviðskiptafræði frá sama skóla árið 2000.

Ragnar var framkvæmdastjóri PricewaterhouseCoopers ehf. á árunum 2005-2011. Hann var framkvæmdastjóri IcePro á árunum 2003-2005 og viðskiptastjóri hjá GoPro-Group ehf. frá 2000-2003.

Auður Hörn Freysdóttir

Auður Hörn Freysdóttir útskrifaðist úr lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og hlaut héraðdómslögmannsréttindi árið 1996. Hún er einnig með próf í löggiltri verðbréfamiðlun. Auður Hörn hefur stundað lögmenntu á eigin vegum síðan 1998. Hún var dómarafulltrúi hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra 1997-1998 og forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri 1994-1996.

Varamenn í Sparisjóði Þórshafnar eru Sigurður Skúli Bergsson, Jónína Kristjánsdóttir og Kristinn Hjálmarsson.

3. Rekstur viðskiptabankanna árið 2010

Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki

3.1. Rekstrarniðurstaða 2010

Rekstrarafkoma viðskiptabankanna þriggja sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti í, Landsbankans, Arion banka og Íslandsbanka (hér eftir nefndir viðskiptabankarnir eða bankarnir ef rætt er um alla þrjá) batnaði umtalsvert á milli áráanna 2009 og 2010. Samtals námu rekstrartekjur bankanna 142 ma.kr. árið 2010 til samanburðar við 107,6 ma.kr. árið áður. Hagnaður bankanna nam 69 ma.kr. árið 2010 samanborið við 51 ma.kr. árið 2009. Hagnaður Landsbankans og Íslandsbanka jókst en lítillega dró úr hagnaði Arion banka. Hlutfallslega jókst hagnaður mest hjá Landsbankanum.

Tafla 2: Rekstrarafkoma viðskiptabankanna í m.kr. 2009 til 2010

	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
Hagnaður 2009	12.871	23.982	14.322
Hagnaður 2010	12.354	29.361	27.231
Birt arðsemi 2009	16,7%	30,0%	10,0%
Birt arðsemi 2010	13,4%	28,5%	17,3%

Óreglulegir liðir einkenna uppgjör bankanna líkt og árið 2009. Um 32% heildartekna árið 2010 voru óreglulegar tekjur, en hlutfallið var um 30% árið 2009. Vægi óreglulegra liða hefur því ekki minnkað milli ára. Nauðsynlegt er að skoða rekstrarafkomu bankanna án óreglulegra liða til að átta sig betur á rekstrarhæfi þeirra til framtíðar. Ljóst er að draga mun úr áhrifum af endurmati eigna á reksturinn, líklega þegar á næsta ári. Gjaldeyrissveiflur hafa einnig verið óvenju miklar og sett mark sitt á uppgjör bankanna.


Líkt og í skýrslu Bankasýslu ríkisins árið 2010 verður rekstur bankanna hér greindur í kjarnarekstur og reglulegan rekstur til að betur sé hægt að átta sig á undirliggjandi rekstri eða grunnrekstri. Unnið er úr opinberum tölum í ársreikningum bankanna og því er ekki um fullkomna leiðréttingu á áhrifum óreglulegra liða að ræða heldur nálgun. Uppgjörsaðferðir bankanna eru mismunandi og munar þar mestu um vaxtainslausn með aðferð virkra vaxta við skráningu vaxtatekna, en upplýsingar þar um eru takmarkaðar og því ekki hægt að leiðrétta vegna þeirra. Einnig gæti mismunandi meðferð á tekjum og gjöldum dótturfélaga og hlutdeildarfélagum haft minni háttar áhrif.

Kjarnarekstur

Hugtakið kjarnarekstur er hér notað um rekstur bankanna að frádregnum áhrifum af endurmati eigna, gjaldeyrissveiflum og eftir atvikum áhrifum af rekstri dótturfélaga í óskyldum rekstri. Þar með kemur fram sá grunnrekstur sem hluthafar eiga að horfa til og stjórnendur þurfa að hafa í huga við mótun framtíðarrekstrar. Notast er við tölur úr birtum ársreikningum.

Reglulegur rekstur

Reglulegur rekstur (þ.e. reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður) er skilgreindur þrengra en kjarnarekstur. Leiðrétt er fyrir endurmati eigna og áhrifum gjaldeyrissveiflna á sama hátt en einnig fyrir hagnaði eða tapi af fjárfestingum og öðrum tekjum. Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur auk arðgreiðslna. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Mynd 2: Birt arðsemi, kjarnaarðsemi og arðsemi reglulegs rekstrar árið 2010*

*Ekki hefur verið leiðrétt fyrir mismunandi aðferð við vaxtainnlausn

Umdeilanlegt er hver grunnrekstur banka er. Segja má að þær tvær skilgreiningar sem hér er notast við séu efri og neðri mörk. Að mörgu leyti er skilgreiningin á reglulegum rekstri meðfærilegri og hún er oftast notuð við greiningu á rekstri banka. Bankasýslan hefur því stuðst meira við þá skilgreiningu við mat á rekstri. Meginmunurinn á skilgreiningum er sá að í kjarnarekstri eru fjárfestingartekjur og aðrar tekjur sem eru ekki í reglulegum rekstri. Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar á meðfylgjandi hátt.


- a) **Arðsemi kjarnarekstrar:** (Tekjur án óreglulegra liða – Kostnaður án óreglulegra liða)/Meðalstaða eigin fjár
- b) **Arðsemi reglulegs rekstrar:** (Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður)/Meðalstaða eigin fjár
- c) **Hlutfall innlána á móti útlánunum:** Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina
- d) **Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:** Kostnaður án óreglulegra liða/Tekjur án óreglulegra liða
- e) **Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:** Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur
- f) **Kostnaður sem hlutfall af heildareignum:** Reglulegur rekstrarkostnaður/Meðalstaða eigna
- g) **Meðalstaða eiginfjár:** Meðaltal eiginfjár í upphafi og lok árs
- h) **Meðalstaða eigna:** Meðaltal eigna í upphafi og lok árs
- i) **Vaxtamunur:** Hreinar vaxtatekjur/ Meðalstaða eigna

Athygli skal vakin á að í skýrslu Bankasýslunnar árið 2010 var í útreikningum miðað við eigið fé í upphafi árs, en í þessari skýrslu er miðað við meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs. Þar sem mikill vöxtur er í eigin fé bankanna gefur aðferðafræðin sem notuð er nú nokkuð lægri arðsemi fyrir árið 2009 en birt var þá.


3.1.1. Grunnrekstur styrkist milli ára

Kjarnarekstur og reglulegur rekstur Arion banka og Landsbankans styrkist verulega á milli ára líkt og sjá má á myndum 3 og 4. Grunnrekstur Íslandsbanka er nær óbreyttur milli ára líkt og sjá má í töflu 6 í kaflanum um reglulegan rekstur bankans. Eigið fé Íslandsbanka jókst verulega á árinu 2010 sem hefur áhrif á arðsemi bankans af reglulegum rekstri og kjarnarekstri.

Mynd 3: Arðsemi kjarnarekstrar árin 2010 og 2009



Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar árin 2010 og 2009



Rekstrarreikningur

Tekjur


Vaxtatekjur aukast en þjónustutekjur nær óbreyttar

Aukinn hagnaður viðskiptabankanna skýrist fyrst og fremst af auknum hreinum vaxtatekjum, en þær jukust um 35% milli ára. Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og námu hreinar vaxtatekjur þeirra samtals 79,3 ma.kr. árið 2010 samanborið við 58,7 ma.kr. árið 2009. Vaxtamunur allra bankanna hefur aukist töluvert og þá sérstaklega vaxtamunur Arion banka og Landsbanka. Vaxtamunur Landsbankans fór úr 1,4% árið 2009 í 2,3% árið 2010, en vaxtamunur Arion banka fór úr 1,7% í 2,5%. Vaxtamunur Arion banka og Landsbankans er því áþekkur. Vaxtamunur Íslandsbanka er verulega hærri og hækkaði úr 4,7% í 5% milli ára. Vaxtamunur Íslandsbanka er því nærri tvöfalt hærri en hinna bankanna tveggja en jókst mun minna milli ára. Ástæðu hærri vaxtamunar má að miklu leyti rekja til þess að hærri hluti vaxtatekna bankans er fenginn með aðferð virkra vaxta. Einnig hefur það áhrif að Íslandsbanki hefur

hærra eiginfjárlutfall en hinir bankarnir en eigið fé er bókhaldslega ódýrara en lánsfé. Vaxtaumhverfi viðskiptabankanna var hagstætt á síðasta ári með háum langtímaþöxtum miðað við skammtímaþexti. Þessu var öfugt farið árið 2009.

Þjónustutekjur jukust um 4% á milli ára að nafnvirði en stóðu í stað að raunvirði. Vægi þjónustutekna í reglulegum rekstri bankanna dregst því saman og er nú aðeins um 18% en var 22,5% árið 2009. Þjónustutekjur Arion banka voru 6,9 ma.kr. árið 2010 og jukust um 17% milli ára, en aukningin er að stórum hluta tilkomin vegna kaupa á Valitor sem bankinn á nú meirihluta í. Þjónustutekjur Íslandsbanka námu 7,4 ma.kr. og jukust um 4% milli ára. Þjónustutekjur Landsbankans námu 3,6 ma.kr. og drógust saman um 15%. Þjónustutekjur vega hlutfallslega lítið í tekjum íslensku bankanna samanborið við aðra norræna banka. Að hluta til er ástæðan sú að verðbréfamarkaður hefur ekki náð sér á strik hér eftir bankahrún. Þá er ekki hefð fyrir því á íslenskum bankamarkaði að þóknun sé greidd fyrir ýmsa bankþjónustu sem almennt er greitt sérstaklega fyrir á Norðurlöndum. Á meðal viðskiptabanka á Norðurlöndum var hlutfall þjónustutekna 31% af reglulegum tekjum að meðaltali á árunum 2001 til 2010.³

Mynd 5: Hreinar vaxtatekjur og þjónustutekjur sem hlutfall af reglulegum tekjum



Fjárfestingartekjur og aðrar tekjur

Fjárfestingartekjur viðskiptabankanna drógust verulega saman milli ára 2009 og 2010. Samtals námu fjárfestingartekjur þeirra 4,9 ma.kr. árið 2010 en voru 9 ma.kr. árið 2009. Aðeins Landsbankinn skilaði hagnaði af fjáreignum og nam hagnaðurinn 8,9 ma.kr. Arion banki skilaði 3,1 ma.kr. tapi og Íslandsbanki skilaði 0,9 ma.kr. tapi. Hagnaður Landsbankans af fjáreignum stafar af stórum hluta af sölu og endurmati hlutabréfa, auk hagnaðar af skuldabréfum. Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 4,8 ma.kr.

Óreglulegar tekjur

Tekjur af endurmati útlánasafna

Hrein virðisaukning, að teknu tilliti til skilyrtra skuldabréfa og krafna, hafði jákvæð áhrif á afkomu bankanna þriggja sem nam 16,5 ma.kr. á árinu 2010. Árið 2009 voru samanlögð heildaráhrif jákvæð um 7 ma.kr.

Hrein virðisaukning nam um 14 ma.kr. hjá Íslandsbanka, 1,9 ma.kr. hjá Arion banka og 0,6 ma.kr. hjá Landsbankanum. Hækkun á skilyrtu skuldabréfi útgefna af Landsbankanum til Landsbanka Íslands hf.

³ Danske Bank, *Interim Report – First nine months 2010*, nóvember 2010.

(gamla bankans) nam hins vegar 16,2 ma.kr. og má því segja að jákvæð virðisbreyting á eignasafninu nemi 16,9 ma.kr. í Landsbankanum. Í Arion banka er sambærileg tala 13,5 ma.kr.

Áhrif gjaldeyrissveifla á afkomu

Gjaldeyrissveiflur höfðu jákvæð áhrif á afkomu Arion banka um 4,5 ma.kr. árið 2010 samanborið við 8,7 ma.kr. árið 2009. Gjaldeyrissveiflur höfðu hins vegar lítilega neikvæð áhrif á afkomu Íslandsbanka, eða um tæpan 1 ma.kr., en höfðu jákvæð áhrif árið 2009 um 2,6 ma.kr. Áhrif gjaldeyrissveifla voru langmestar á rekstur Landsbankans og juku rekstrartekjur hans um 14,6 ma.kr. Hins vegar voru áhrifin neikvæð um 3 ma.kr. árið 2009. Rétt er þó að benda á að Landsbankinn færði samtímis 18,2 ma.kr. í virðisrýrnun vegna erlendra gengislána. Samtals höfðu gjaldeyrissveiflur 18,1 ma.kr. jákvæð áhrif á afkomu bankanna árið 2010 en 8,3 ma.kr. jákvæð áhrif árið 2009.

Verðbólga


Verðbólgan var mun minni í fyrra en árið 2009 og hafði verðbólgan því mun minni áhrif á rekstrartekjur. Vísitala til verðtryggingar hækkaði um 3,3% á árinu 2010 samanborið við 10,8% árið 2009. Verðlagsbreytingar hafa mest áhrif á rekstrarreikning Landsbankans en verðtryggingarjöfnuður bankans var jákvæður um 94,6 ma.kr. í lok árs 2010, þ.e. verðtryggðar eignir voru meiri en verðtryggðar skuldir. Verðtryggingarjöfnuður Íslandsbanka var jákvæður um 26,8 ma.kr. og Arion banka um 14,7 ma.kr.


Gjöld:

Kostnaður hefur aukist í bankakerfinu


Á mynd 6 má sjá að kostnaðarhlutfall Íslandsbanka af kjarnarekstri var 43,5% og af reglulegum rekstri 43,7% (mynd 7). Samsvarandi hlutföll hjá hinum viðskiptabönkunum liggja annars vegar á milli 50-60% og hins vegar 60-70%. Kostnaðarhlutföll Landsbankans eru marktækt lægri en Arion banka. Kostnaðarhlutföll hafa batnað verulega milli ára hjá síðastnefndu bönkunum.

Mynd 6: Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar



Mynd 7: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar


Ef litið er á kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna blasir nokkuð önnur mynd við. Rekstrarkostnaður Íslandsbanka, sem er lægstur bankanna ef horft er á kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar, er hæstur ef hann er skoðaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, eða 2,6% til samanburðar við 2,2% hjá Arion banka og 1,6% hjá Landsbankanum. Á mynd 8 má sjá að kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna allra viðskiptabankanna jókst á milli ára. Hér má sjá að kostnaður Íslandsbanka af hverum milljarði eigna er um 26 m.kr., en um 16 m.kr. hjá Landsbankanum. Hver milljarður í eign þarf því að skila um 10 m.kr. meira í tekjur hjá Íslandsbanka til að framlegðin sé sú sama og í Landsbankanum sem hefur lægsta kostnaðarhlutfallið miðað við efnahag.

Mynd 8: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna**Launakostnaður hækkar**

Rekstrarkostnaður jókst verulega í bankakerfinu á síðasta ári eða um 15% og dregur úr hagstæðum áhrifum aukinn tekna. Rekstrarkostnaður jókst mest í Arion banka eða um 19% en yfirtaka á Valitor skýrir að einhverju leyti kostnaðaraukninguna. Rekstrarkostnaður jókst um 15% hjá Íslandsbanka og um 10% hjá Landsbankanum. Aukinn launakostnaður skýrir að miklu leyti aukinn rekstrarkostnað bankanna á síðasta ári, en laun og launatengd gjöld hækkðu um 10-15%. Hækkun tryggingargjalds hefur hér áhrif og því er hækkun launa líklega töluvert minni en hækkun launa og launatengdra gjalda.

Laun og launatengd gjöld eru hæst í Íslandsbanka eða 8,6 m.kr. á hvern starfsmann en 8,2 m.kr. á hvern starfsmann í Arion banka og Landsbankanum.


Mynd 9: Laun og launatengd gjöld á hvern starfsmann í milljónum króna





Tekju- og kostnaðaruppbygging bankanna

Ljóst er að viðskiptalíkon og uppbygging viðskiptabankanna er nokkuð misjöfn. Íslandsbanki hefur hæstan launakostnað á hvern starfsmann, hæstan rekstrarkostnað miðað við eignir og flesta starfsmenn miðað við eignasafn líkt og sjá má á mynd 10. Hver milljarður í útlánum eða öðrum eignum í Íslandsbanka þarf því að skila meiri tekjum en í tilfalli hinna bankanna. Sú er reyndar raunin líkt og sjá má á mynd 11 en hver milljarður í eign skilar Íslandsbanka fjórfalt meiri þjónustutekjum en Landsbankanum. Vaxtamunur er jafnframt um tvöfalt hærri hjá Íslandsbanka en hinum bönkunum líkt og sjá má á mynd 12.

Mynd 10: Eignir á starfsmann í milljónum króna



Mynd 11: Þjónustutekjur sem hlutfall af meðalstöðu eigna**Mynd 12: Vaxtamunur viðskiptabankanna**

3.1.2. Efnahagsreikningur viðskiptabankanna


Skuldir og eigið fé

Skuldir viðskiptabankanna þriggja námu samtals 2.161 ma.kr. þann 31. desember 2010, en þeir eru að stærstum hluta fjármagnaðir með innlánum. Af skuldum viðskiptabankanna voru innlán viðskiptavina 1.156 ma.kr. og innlán fjármálafyrirtækja 339 ma.kr. Hæst er hlutfall innlána af heildarfjármögnun hjá Arion banka eða 68% en 62% hjá Íslandsbanka og 48% hjá Landsbankanum. Arion banki og Íslandsbanki eru fjármagnaðir að um 80% með innlánum og eigin fé.

Landsbankinn hefur nokkra sérstöðu þar sem hann hefur umtalsverða fjármögnun aðra en innlán og eigið fé. Við yfirtöku Landsbankans á innlendu eignasafni Landsbanka Íslands hf. (gamla bankans) gaf Landsbankinn út skuldabréf til gamla bankans sem nam 261 ma.kr. í lok árs 2010. Sem tryggingu fyrir skuldabréfinu hefur gamli bankinn veð í eignum sem nemur um 127,5% af stöðu skuldabréfsins.


Íslandsbanki og Arion banki hafa fengið víkjandi lán frá ríkissjóði. Víkjandi lán til Arion banka var að fjárhæð 26,3 ma.kr. og til Íslandsbanka að fjárhæð 21,2 ma.kr. Að auki eru Arion banki og Íslandsbanki með lán frá Seðlabanka Íslands sem hefur veð í útlánasafni bankanna. Lán Seðlabankans til Arion banka er að fjárhæð 58,1 ma.kr. og er veð vegna þessa láns í útlánasafni bankans sem nemur 74 ma.kr. Lán Seðlabankans til Íslandsbanka nemur 52,7 ma.kr. og er veð í útlánasafni bankans sem nemur 73,8 ma.kr.

Mynd 13: Skuldir viðskiptabankanna 31.12.2010



Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að eiginfjárlutfall, reiknað samkvæmt eiginfjárvæðum laga um fjármálafyrirtæki, sé að lágmarki 16% hjá viðskiptabönkunum þremur. Þeir mæta þeirri kröfu allir. Hæst er eiginfjárlutfallið hjá Íslandsbanka, 26,6%. Að hluta er um að ræða eiginfjárpátt B sem er í formi víkjandi láns. Eiginfjárlutfall Landsbankans er 19,5% og að öllu leyti í formi eiginfjárpáttar A. Eiginfjárlutfall Arion banka er 19%, en þar af nemur eiginfjárpáttur A 15,2% og eiginfjárpáttur B 3,8%.

Mynd 14: Eiginfjárgrunnur viðskiptabankanna 31.12.2010




Eignahlið efnahagsreiknings

Eignir viðskiptabankanna þriggja námu 2.577 ma.kr. þann 31. desember 2010. Á mynd 15 má sjá helstu eignaflokka viðskiptabankanna. Hlutfall útlána af eignasafni er hæst hjá Íslandsbanka eða 79,9%, en lægst hjá Landsbanka, 63,3%. Segja má að efnahagsreikningur Íslandsbanka sé hreinastur, þ.e. efnahagsreikningur bankans endurspeglar best venjulegan bankarekstur. Umtalsverður hluti af eignasafni Landsbankans og Arion banka er hins vegar ætlaður til sölu. Sá hluti eignasafns Landsbankans sem flokkaður er til sölu samanstendur aðallega af eignum Vestia sem eru eignarhlutir í ýmsum fyrirtækjum. Gengið var frá sölu þessara eigna á fyrsta ársfjórðungi 2011. Eignir til sölu hjá Landsbankanum lækkuðu


Þá úr 128,8 ma.kr. í 47,4 ma.kr. Eignir til sölu hjá Arion banka voru t.d. Hagar, BM Vallá og Penninn. Hjá Arion banka fer fjárhæðin einnig lækkandi og var orðin 38,6 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2011 en var 44,5 ma.kr. í lok árs 2010. Hátt hlutfall annarra eigna hjá Arion banka skýrist að hluta af skilyrtri kröfu á Kaupskil sem bankinn á og af viðskiptakröfum sem bankinn eignaðist við kaup á Valitor.

Mynd 15: Eignir viðskiptabankanna 31.12.2010



Á mynd 16 má sjá að Arion banki hefur hæst hlutfall innlána á móti útlánnum, en útlán bankans eru að fullu fjármögnuð með innlánnum. Arion banki hefur hæst hlutfall innlána af heildarskuldum, en jafnframt lægsta hlutfall útlána af heildareignum. Hlutfall innlána á móti útlánnum er svipað hjá Íslandsbanka og Landsbankanum en fyrir hvern milljarð í útlánnum eru 630-640 m.kr. í innlánnum.

Mynd 16: Innlán sem hlutfall af útlánnum



3.2. Uppgjör einstakra banka

3.2.1. Arion banki

Kjarnarekstur Arion banka

Rekstrartekjur Arion banka jukust lítillega milli ára og fóru úr 31,9 ma.kr. árið 2009 í 35,6 ma.kr. árið 2010. Bókhaldslegur hagnaður lækkaði þó úr 12,8 ma.kr. í 12,6 ma.kr. Ástæða þess er að jákvæð áhrif óreglulegra liða voru minni árið 2010 en árið 2009. Munar þar mestu að jákvæð áhrif af gengissveiflum voru minni árið 2010 en árið 2009 eða 4,5 ma.kr. í stað 10,3 ma.kr. Þannig höfðu óreglulegir liðir jákvæð áhrif á afkomu Arion banka um sem nam 6,3 ma.kr. árið 2010 en 10 ma.kr. árið 2009. Afkoma af kjarnarekstri var því betri árið 2010 en árið 2009 þrátt fyrir að bókhaldslegur hagnaður hafi verið svipaður. Hagnaður af kjarnarekstri var 9 ma.kr. 2010 samanborið við 5,6 ma.kr. árið 2009 og arðsemi af kjarnarekstri því 9,2% samanborið við 6,7% árið 2009. Samfara betri afkomu af kjarnarekstri lækkaði kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar úr 70% árið 2009 í 62,5% árið 2010.

Arion banki tók á móti innlánnum frá SPRON við fall sparisjóðsins og fékk sem endurgjald skuldabréf útgefið af Dróma, dótturfélagi þrotabúsins. Á síðari hluta ársins 2010 ákvað Fjármálaeftirlitið að breyta vaxtakjörum skuldabréfsins og við það myndaðist tap í reikningum bankans. Tap Arion banka vegna Dróma skuldabréfsins er hér flokkað sem tap af fjáreignum fremur en tap af óreglulegum liðum. Ef Dróma skuldabréfið er flokkað til óreglulegra liða væri afkoma af kjarnarekstri 11,9 ma.kr. og arðsemi kjarnarekstrar 12,1%.

Tafla 3: Kjarnarekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)

Kjarnarekstur Arion banka	2010	2009
Rekstrartekjur	35.623	31.865
Virðisaukning útlána og krafna	-40.269	-20.199
Virðisrýrnun útlána og krafna	26.787	9.939
Virðisbreyting í skilyrtri kröfu	11.604	10.556
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar-(taps)	-4.459	-10.250
Rekstrartekjur án óreglulegra liða	29.286	21.911
Rekstrargjöld án óreglulegra liða	-18.292	-15.346
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnareksturs</i>	<i>62,5%</i>	<i>70,0%</i>
Hagnaður (tap) fyrir skatt	10.994	6.565
Hagnaður(tap) e. skatt	9.015	5.580
<i>Kjarnaarðsemi</i>	<i>9,2%</i>	<i>6,7%</i>

Reglulegur rekstur Arion banka

Hagnaður af reglulegum rekstri Arion banka nam 7,2 ma.kr. árið 2010 samanborið við 2,8 ma.kr. árið 2009 og var arðsemi af reglulegum rekstri því 7,3% samanborið við 3,3%. Samfara betri afkomu af reglulegum rekstri lækkaði kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar úr 82% árið 2009 í 67% árið 2010.

Tekjur Arion banka af reglulegum rekstri námu 26,6 ma.kr. og voru rúmlega 2,6 ma.kr. lægri en tekjur af kjarnarekstri. Arðsemi af reglulegum rekstri var einnig um 1,9% lægri en af kjarnarekstri. Munur á afkomu af kjarnarekstri og reglulegum rekstri liggur í svokölluðum öðrum tekjum sem eru ekki hluti af reglulegum rekstri, en þær voru jákvæðar um 5,2 ma.kr., og ennfremur tapi af skuldabréfi Dróma sem nam 3,5 ma.kr. Aðrar tekjur eru meðal annars leigutekjur ásamt hagnaði af eignum til sölu. Hagnaður af fjáreignum og hlutdeild hlutdeildarfélaganna í hagnaði nam tæpum 1 ma.kr. en þær tekjur eru ekki taldar með tekjum af reglulegum rekstri.

Tafla 4: Reglulegur rekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr)

Reglulegur rekstur Arion banka	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	19.785	12.188
Hreinar þjónustutekjur	6.866	5.862
Samtals reglulegar tekjur	26.651	18.050
Laun -og launatengd gjöld	-9.272	-8.073
Annar stjórnunarkostnaður	-7.478	-5.260
Gjöld í Tryggingasjóð innstæðueigenda	-324	-683
Afskriftir rekstrarfjármuna	-819	-759
Samtals reglulegur kostnaður	-17.893	-14.775
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>67,1%</i>	<i>81,9%</i>
Hagnaður (tap) fyrir skatt	8.758	3.275
Hagnaður (tap) e. skatt	7.182	2.784
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	<i>7,3%</i>	<i>3,3%</i>

3.2.2. Íslandsbanki

Kjarnarekstur Íslandsbanka

Rekstrartekjur Íslandsbanka jukust töluvert milli ára eða úr um 45 ma.kr. árið 2009 í 55,6 ma.kr. árið 2010. Bókhaldslegur hagnaður jókst úr tæpum 24 ma.kr. í 29,3 ma.kr.

Bókhaldsleg afkoma Íslandsbanka batnaði milli áráanna 2010 og 2009, en afkoma af kjarnarekstri ekki. Afkoma af kjarnarekstri nam 19,7 ma.kr. árið 2010 en var 22 ma.kr. árið 2009. Áhrif óreglulegra liða voru mun meiri árið 2010 eða samtals 13 ma.kr. samanborið við 3 ma.kr. árið áður. Þá jókst rekstrarkostnaður bankans milli ára um 15%. Arðsemi af kjarnarekstri lækkaði því úr 27,8% í 18,6%.

Hafa verður í huga að lægri arðsemi af kjarnarekstri skýrist að stórum hluta af herra eigin fé bankans á árinu 2010. Eigið fé bankans nam 68 ma.kr. í árslok 2008 en 120,7 ma.kr. í árslok 2010 og hefur því nærri tvöfaldast á tveimur árum. Verri afkoma af kjarnarekstri leiðir til þess að kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar hækkar á milli ára úr 38,3% árið 2009 í 43,5% árið 2010.

Tafla 5: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

Kjarnarekstur Íslandsbanka	2010	2009
Rekstrartekjur	55.533	45.035
Virðisaukning útlána og krafna	-14.507	-801
Virðisrýrnun útlána og krafna	514	477
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar-(taps)	963	-2.621
Rekstrartekjur án óreglulegra liða	42.503	42.090
Rekstrargjöld án óreglulegra liða	-18.473	-16.113
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnareksturs</i>	<i>43,5%</i>	<i>38,3%</i>
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatt</i>	<i>24.030</i>	<i>25.977</i>
Hagnaður (tap) e. skatt	19.705	22.080
<i>Kjarnaarðsemi</i>	<i>18,6%</i>	<i>27,8%</i>

Reglulegur rekstur Íslandsbanka

Hagnaður af reglulegum rekstri Íslandsbanka nam 19,5 ma.kr. árið 2010 og var óbreyttur milli ára. Arðsemi af reglulegum rekstri lækkaði hins vegar úr 24,6% í 18,4% árið 2010, vegna hærra eiginfjárlutfalls bankans. Kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar hækkar lítillega vegna kostnaðaraukningar úr 41,3% árið 2009 í 43,7%.

Tekjur Íslandsbanka af reglulegum rekstri námu 42,2 ma.kr. og voru lítillega lægri en tekjur af kjarnarekstri. Arðsemi af reglulegum rekstri var lítillega lægri en af kjarnarekstri. Munur á afkomu af kjarnarekstri og reglulegum rekstri nemur aðeins 0,3 ma.kr. Um 0,9 ma.kr. tap var af fjáreignum, en á móti voru aðrar tekjur sem námu 1,2 ma.kr. Hvorugur tekjuliður er hluti af reglulegum rekstri.

Tafla 6: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

Reglulegur rekstur Íslandsbanka	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	34.847	31.984
Hreinar þjónustutekjur	7.380	7.061
Samtals reglulegar tekjur	42.227	39.045
Laun -og launatengd gjöld	-9.207	-8.036
Annar stjórnunarkostnaður	-9.266	-8.077
Samtals reglulegur kostnaður	-18.473	-16.113
<i>Kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>43,7%</i>	<i>41,3%</i>
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatt</i>	<i>23.754</i>	<i>22.932</i>
Hagnaður (tap) e. skatt	19.478	19.492
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	<i>18,4%</i>	<i>24,6%</i>

3.2.3. Landsbankinn**Kjarnarekstur Landsbankans**

Rekstrartekjur Landsbankans jukust um 66% milli ára, úr 30,7 ma.kr. árið 2009 í 50,8 ma.kr. árið 2010. Samfara mikilli tekjuaukningu jókst bókhaldslegur hagnaður úr 14,3 ma.kr. árið 2009 í 27,3 ma.kr. árið 2010.

Áhrif óreglulegra liða voru mikil í afkomu Landsbankans og var hagnaður af kjarnarekstri umtalsvert minni en bókhaldslegur hagnaður eða 14,6 ma.kr. miðað við 9,6 ma.kr. árið 2009. Arðsemi af kjarnarekstri var 8,7% árið 2010 samanborið við 6,5% árið 2009. Betri afkoma af kjarnarekstri leiðir til þess að kostnaðarlutfall hans lækkar úr 58,2% árið 2009 í 50% árið 2010. Áhrif óreglulegra liða á uppgjörið námu samtals 15 ma.kr. samanborið við 3,6 ma.kr. árið 2009.

Gjaldeyrissveiflur höfðu jákvæð áhrif sem námu 14,6 ma.kr. árið 2010, samanborið við 3 ma.kr. neikvæð áhrif árið 2009. Jákvæð áhrif endurmats á útlánasafn þ.e. virðisbreytinga, taps vegna gengistryggðra útlána og áhrifa af skilyrtu skuldabréfi námu samtals 0,6 ma.kr. en höfðu 7 ma.kr. jákvæð áhrif árið 2009.

Tafla 7: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

Kjarnarekstur Landsbankans	2010	2009
Rekstrartekjur	50.847	30.725
Virðisaukning útlána og krafna	-49.702	-23.772
Virðisrýrnun útlána og krafna	14.636	6.577
Virðisbreyting í skilyrtu skuldabréfi	16.269	10.241
Tap vegna gengistryggðra útlána	18.158	0
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar-(taps)	-14.623	3.000
Hlutdeild hlutdeildarféлага	291	383
Rekstrartekjur án óreglulegra liða	35.876	27.154
Rekstrargjöld	-18.496	-16.854
<i>Einskiptiskostnaður v/yfirtöku</i>	<i>542</i>	<i>1.044</i>
Rekstrargjöld án óreglulegra liða	-17.954	-15.810
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnareksturs</i>	<i>50,0%</i>	<i>58,2%</i>
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatt</i>	<i>17.922</i>	<i>11.344</i>
Hagnaður (tap) e. skatt	14.696	9.642
<i>Kjarnaarðsemi</i>	<i>8,7%</i>	<i>6,5%</i>

Reglulegur rekstur Landsbankans

Hagnaður af reglulegum rekstri Landsbankans nam 8,9 ma.kr. árið 2010, en var 3,4 ma.kr. árið 2009. Arðsemi af reglulegum rekstri hækkaði því úr 2,3% í 5,3%. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar lækkaði umtalsvert samfara betri afkomu eða úr 78,6% í 61,6%.

Tekjur af reglulegum rekstri námu 28,3 ma.kr. og voru lægri en tekjur af kjarnarekstri sem námu 35,6 ma.kr. Mismunurinn skýrist af 8,9 ma.kr. hagnaði af sölu og endurmati fjáreigna. Aðrar tekjur voru hins vegar neikvæðar um 1,6 ma.kr.

Tafla 8: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

Reglulegur rekstur Landsbankans	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	24.685	14.574
Hreinar þjónustutekjur	3.582	4.213
Samtals reglulegar tekjur	28.267	18.787
Laun -og launatengd gjöld	-9.331	-8.468
Annar stjórnunarkostnaður	-7.312	-6.064
Afskriftir rekstrarfjármuna	-1.311	-1.278
<i>Einskiptiskostnaður v/yfirtöku</i>	<i>542</i>	<i>1.044</i>
Samtals reglulegur kostnaður	-17.412	-14.766
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>61,6%</i>	<i>78,6%</i>
Hagnaður (tap) fyrir skatt	10.855	4.021
Hagnaður (tap) e. skatt	8.901	3.418
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	<i>5,3%</i>	<i>2,3%</i>

3.3. Opinber upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja

Grundvallarþáttur í heilbrigðu fjármálakerfi er greinargóð upplýsingagjöf sem gefur skýra mynd af undirliggjandi rekstri og stöðu fjármálafyrirtækja. Í þessu samhengi skiptir vitund hluthafa og eftirlitsaðila en einnig fjárfesta og innstæðueigenda miklu máli þar sem þeir geta með ákvörðunum sínum veitt fjármálafyrirtækjum aðhald.⁴ Bætt upplýsingagjöf og endurskoðun skiptir því miklu máli fyrir farsæla enduruppbyggingu íslenska fjármálakerfisins.

Ársreikningar bankanna árið 2009 voru um margt flóknir, ógegnsæir og illa fallnir til samanburðar. Ástæðu þess má rekja til samninga milli nýju bankanna og gömlu bankanna og þeirra sérstöku aðstæðna þar sem fjármálafyrirtæki fara með eignarhluti í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Virðisaukning eða virðisrýrnun yfirtekinna útlánasafna var og er fyrirferðarmikill þáttur í uppgjörum bankanna. Hluti útlánasafna er oft sérgreindur með samningum um að hluti virðisaukningar renni til gömlu bankanna auk þess sem tekjur og gjöld tímabundinna dótturfélaga í óskyldum rekstri voru í einhverjum tilfellum færð með tekjum og gjöldum móðurfélags. Af þessum ástæðum voru samanburður og greining á bönkunum erfiðleikum bundin.

3.3.1. Samstarf um bættu opinbera upplýsingagjöf

Af hálfu Bankasýslu ríkisins, Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja var á árinu 2010 tekið upp samstarf um opinbera upplýsingagjöf og framsetningu reikningsskila. Tilgangurinn var að bæta upplýsingagjöf með því að gera ársreikninga og árschlutauppgjör skýrari þannig að sem best skil væru gerð á óreglulegum liðum og að framsetning reikninganna torveldaði ekki samanburð.

Endurmat eigna

Í störfum vinnuhópsins var lögð áhersla á eftirfarandi atriði varðandi virðisaukningu og virðisrýrnun yfirtekinna eignasafna:

1. Að sama/svipuð framsetning sé notuð alls staðar þar sem virðisaukning og virðisrýrnun vegna yfirtekinna eigna er metin.
2. Að skilið sé á milli tekna sem eru vegna eignamats eða endurmats á eignum og tekna sem ekki eru háðar mati.
3. Að bankarnir greini á milli virðisrýrnunar vegna endurmats yfirtekinna eigna og annarrar virðisrýrnunar. Þannig verði heildaráhrif endurmats eigna á rekstur ljós við lestur reikninga.
4. Birting samræmdra kennitalna úr rekstri.

Í ársreikningi bankanna þriggja vegna ársins 2010 er í öllum tilfellum orðinn skýrari aðskilnaður á tekjum vegna endurmats eigna og annarra tekna. Heildaráhrif virðisaukningar í rekstrarreikningi eru nú skýrari. Hins vegar er framsetning þeirra enn nokkuð mismunandi. Einnig skortir á að skilið sé á milli samningsbundinna vaxta og tekjufærðra vaxta vegna afsláttar á yfirteknu lánasafni.

Dótturfélög

Í ársreikningi Arion banka vegna ársins 2009 voru tekjur og gjöld dótturfélaga í óskyldum rekstri talin með öðrum tekjum og gjöldum. Um var að ræða félög yfirtekin vegna skuldauppgjörs, sem bankinn heldur á tímabundið og ætla að selja. Í ársreikningi 2010 er skilið á milli þessara liða þannig að tekjur og gjöld dótturfélaga sem haldið er á tímabundið eru ekki með öðrum tekjum og gjöldum.

Virkir vextir

Við hrun bankanna eignuðust nýju viðskiptabankarnir mestan hluta af innlendum útlánum gömlu bankanna. Eignasöfnin voru keypt með ákveðnum afslætti sem kemur fram með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða beinan afslátt sem veittur er vegna líklegra útlánatapa. Áhrif hans

⁴ Caprico Gerrard, Honohan Patrick: Starting over safely: Rebuilding banking systems, bls 20. The World Bank 2005.

koma fram í reikningum bankanna sem virðisaukning eða virðisýrning á útlánasafninu eftir því hvort greiðslugeta skuldarans hefur batnað eða versnað og eru vel skilgreind frá öðrum tekjum eða gjöldum.

Hins vegar er um að ræða afslátt í gegnum þá ávöxtunarkröfu sem útlánasöfnin voru keypt á. Staða nýju bankanna var sú að við yfirtöku lánasafns voru kjör á útlánnum bankanna óbreytt en fjármögnun þeirra var hins vegar verulega breytt. Innlán í íslenskum krónum fjármögnuðu nú m.a. útlán í erlendum myntum. Því blasti við að fjármögnunarvextir bankanna gætu orðið hærri en útlánsvextir. Meðal annars vegna framangreindrar ástæðu voru eignasöfn gömlu bankanna keypt með ákveðnum afslætti.

Afsláttur sem fenginn er með innlausn affalla hefur ekki verið sérgreindur frá öðrum vaxtatekjum í reikningum bankanna. Afslátturinn eða afföllin eru færð með vaxtatekjum með aðferð virkra vaxta. Þessi aðferð hefur þau áhrif að vaxtatekjur í rekstrarreikningi þurfa ekki að endurspeglar samningsbundnar vaxtatekjur af útlánasafni bankanna.

Aðferðafræði við tekjufærslu á framangreindum afföllum eða afslætti virðist vera breytileg milli viðskiptabankanna. Vaxtamunur Íslandsbanka er tvöfalt hærri en vaxtamunur hinna viðskiptabankanna. Sömuleiðis eru vaxtatekjur bankans af útlánasafni nokkuð hærri en hinna bankanna þó að eignasafnið gefi ekki til kynna að jafn verulegur munur ætti að vera á vaxtatekjum og vaxtamun og raun ber vitni. Líklegt er því að bankinn beiti annarri aðferðafræði við uppgjör en hinir bankarnir eða að í samningi milli gamla og nýja bankans hafi verið samið um hlutfallslega meiri afslátt í gegnum ávöxtunarkröfu.

Uppgjörssamningur Íslandsbanka við gamla bankann er ólíkur uppgjörssamningum Arion banka og Landsbankans að því leyti að Íslandsbanki á hvorki skilyrta kröfu á gamla bankann né skuldar honum skilyrt skuldabréf. Uppgjörssamningi Landsbankans og gamla bankans er þannig háttað að eftir því sem heimtur aukast á afmörkuðum hluta af yfirteknu útlánasafni eykst skuld hans við gamla bankann. Þessu er öfugt farið hjá Arion banka sem á kröfu á gamla bankann sem lækkar eftir því sem heimtur aukast. Þannig skipta gömlu og nýju bankarnir á milli sín heimtum af útlánasafni sem keypt var með afslætti í tilviki Arion banka og Landsbankans. Í tilviki Íslandsbanka kemur afslátturinn fram í hagnaði sem rennur til eigenda. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á rekstrarreikningum bankanna

3.4. Arðsemiskrafa til fjármálafyrirtækja

Ríkið er einn stærsti eignaraðili viðskiptabankanna og sparisjóðanna og jafnframt einn stærsti lánveitandinn. Samtals nemur eiginfjárframlag ríkisins 137 ma.kr. Framlag ríkisins í formi hlutafjár til viðskiptabankanna nam um 135 ma.kr. og um 55 ma.kr. í formi víkjandi lána. Miklu máli skiptir því fyrir ríkið og skattgreiðendur sem lögðu fjármálafyrirtækjum til fé að viðunandi arðsemi náist í rekstri fjármálafyrirtækja. Ekki er þó ætlast til að arðsemi sé náð með óeðlilega háum vaxtamun eða áhættu, heldur með arðbærni undirliggjandi rekstrar. Í þessu getur falist fækkun starfsmanna og útibúa, lækkun kostnaðarhlutfalls, sameiningar fjármálafyrirtækja o.s.frv. Framangreindar ráðstafanir ættu að auka samkeppni og stuðla að heilbrigðara bankakerfi.

Markaðsaðstæður eru breytilegar milli ára og tímabila. Aðstæður á markaði hafa verið fjármálafyrirtækjum óhagstæðar undanfarin ár. Útlánatöp og töp af fjárfestingu hafa einkennt rekstrarreikninga þeirra. Af þeim sökum verður ekki gerð sama krafa um arðsemi einstök ár og stefnt er að til lengri tíma. Í þessu sambandi má nefna að Evrópusambandið hefur mælst til þess að slegið sé af kröfum um arðsemi um stundarsakir vegna sérstakra markaðsaðstæðna.⁵ Þannig er að mati sambandsins full vel í lagt að gera kröfu um 15% arðsemi eins og algengt er að gera til fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins setur fram viðmið um arðsemi fjármálafyrirtækja sem stofnunin fer með ráðandi eignarhluti í, bæði til skemmri og lengri tíma.

⁵ Official Journal of the European Union: *The recapitalisation of financial institutions in the current financial crises: limitation of aid to the minimum necessary and safeguards against undue distortions of competition*(2009/C 10/3), 15 janúar 2009.

3.4.1. Krafa um arðsemi til lengri tíma

Til lengri tíma er gerð krafa um 14,7% ávöxtun eigin fjár og er þá notast við langtímanafnvexti sem eru 7,70%. Að mati Seðlabanka Íslands eru jafnvægisraunvextir á Íslandi 3-4% og áhættulausir vextir því 6% m.v. 2,5% verðbólgu.⁶ Sögulega hafa áhættulausir vextir verið mun hærri, en að meðaltali voru stýrivextir Seðlabankans 9,16% frá 1.1.1994-1.1.2011. Stýrivextir Seðlabanka Íslands mynda vaxtagólf fyrir útlán. Innlánsvextir bankans fyrir sama tímabil voru 6,25% en þeir mynda vaxtaþak fyrir innlán. Meðaltal þessara vaxta var því 7,7%. Til samanburðar hafa markaðsvextir ríkisskuldabréfa með um 4 ára líftíma verið að meðaltali 8,7% frá 1998 til loka árs 2010.

Miðað er við 7% áhættuálag á markaðsvexti. Almenn er talið að sveiflur í bankarekstri séu svipaðar og fyrir hagkerfið í heild. Svokallað beta-gildi sem mælir sveiflur í hlutabréfaverði einstakra hlutabréfa í samanburði við markaðinn er almennt í kringum 1 hjá bönkum, þ.e. sveiflur í verði banka eru svipaðar og fyrir markaðinn í heild. Söguleg gögn fyrir tímabilið 1928-2000 benda til að eðlilegt sé að gera kröfu um 6-8% ávöxtun á hlutabréf umfram áhættulausa ríkisbréfavexti.⁷

Ef áhættulausir langtímavextir liggja á bilinu 6,25%-9,16% og ávöxtunarkrafa á hlutfé umfram áhættulausa vexti er 6-8% er eðlileg arðsemiskrafa fyrir banka í blönduðum rekstri 14,7%. Áhættulausir langtímavextir eru 7,7% og áhættuálag 7%.

3.4.2. Samband milli áhættu og ávöxtunarkröfu

Framangreind ávöxtunarkrafa miðast við 12% eiginfjárlutfall (eiginfjárgrunn) sem er svipað og krafa er um í traustum fjármálafyrirtækjum erlendis. Hærra eiginfjárlutfall dregur úr rekstraráhættu fjármálafyrirtækja en dregur jafnframt úr möguleikum þeirra til arðsemi. Þessu er öfugt farið ef eiginfjárlutfallið er lægra. Til að samhengi milli áhættu og ávöxtunar sé ekki brotið er eðlilegt að gera lægri arðsemiskröfu til þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa hærri eiginfjárlutfall. Sjá má álag á áhættulausa vexti og stuðla í töflu 9. Ef eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis er 16% er eðlilegt að gera 13% arðsemiskröfu en ef eiginfjárgrunnur er 10% verður arðsemiskrafan 16,1% arðsemi.

Tafla 9: Áhættuálag miðað við mismunandi eiginfjárgrunn

Stuðull	Eiginfjárgrunnur	Álag	Langtíma áhættulausir vextir	Ávöxtunarkrafa
1,50	8%	10,5%	7,75%	18,25%
1,33	9%	9,3%	7,75%	17,08%
1,20	10%	8,4%	7,75%	16,15%
1,09	11%	7,6%	7,75%	15,39%
1,00	12%	7,0%	7,75%	14,75%
0,92	13%	6,5%	7,75%	14,21%
0,86	14%	6,0%	7,75%	13,75%
0,80	15%	5,6%	7,75%	13,35%
0,75	16%	5,3%	7,75%	13,00%
0,71	17%	4,9%	7,75%	12,69%
0,67	18%	4,7%	7,75%	12,42%

Norski bankinn DnB NOR hefur sett sér markmið um 13% langtímaarðsemi.⁸ DnB NOR er að hluta til í ríkiseigu (34%) líkt og Landsbankinn. Sú ávöxtunarkrafa sem gerð er til DnB NOR er nokkuð lægri en sú krafa sem sett er fram hér að ofan en vaxtastig í Noregi er að jafnaði lægra en hér á landi. UK Financial Investments (UKFI) sem er eignarhaldsfélag breska ríkisins í fjármálafyrirtækjum gerir að lágmarki 15%

⁶ „Stýrivextir seðlabanka samkvæmt reglu Taylors“ Peningamál Seðlabanka Íslands 2. ársfjórðungur 2002

⁷ http://pages.stern.nyu.edu/~adamodar/New_Home_Page/valquestions/RiskPrem.htm.

⁸ DnB NOR BANK, Annual Report 2009, bls. 4.

arðsemiskröfu til Royal Bank of Scotland (RBS).⁹ Arðsemiskrafa til framangreindra banka er í takt við sögulega arðsemi eigin fjár í bönkum, en arðsemi eigin fjár í bönkum var að meðaltali 11% á tíunda áratugnum en yfir 20% á síðasta áratug.¹⁰

Sú ávöxtunarkrafa sem hér er gerð til fjármálfyrirtækja er þannig í takt við þá arðsemiskröfu sem gerð er til fjármálfyrirtækja í nágrannalöndum okkar. Einhverjum gæti þótt framangreind arðsemiskrafa lág í ljósi þess að vaxtastig hefur sögulega verið mun lægra í nágrannalöndum okkar. Arðsemiskrafan 14,7% miðað við 12% eiginfjárhlutfall til lengri tíma er því í hóf stillt.

Rekstrarumhverfi fjármálfyrirtækja er að taka ákveðnum breytingum sem segja má að séu viðbrögð við bankahruni. Nefna má sem dæmi aukinn eftirlitskostnað, nýjan bankaskatt og aukin framlög í innstæðutryggingarsjóð. Lagaumhverfi fjármálfyrirtækja á hugsanlega enn eftir að taka töluverðum breytingum. Á alþjóðvettvangi hefur lagaumhverfi fjármálfyrirtækja verið tekið til endurskoðunar og ýmsar hugmyndir verið reifaðar sem áhrif gætu haft á rekstrarskilyrði fjármálfyrirtækja verði þær leiddar í lög. Ef breytingar verða svo umtalsverðar að um eðlisbreytingu verði að ræða á starfsemi fjármálfyrirtækja kann arðsemiskrafa til fjármálfyrirtækja til lengri tíma að taka minna mið af arðsemi í fortíð en hér er gert ráð fyrir.

3.4.3. Arðsemiskrafa til skemmri tíma

Líkt og fjallað var um hér að framan eru markaðsaðstæður breytilegar. Ávöxtunarkrafa á skuldabréfa-markaði endurspeglar þau vaxtakjör og möguleika til ávöxtunar sem til staðar eru í hagkerfinu. Venja er að notast við ávöxtunarkröfu 10 ára ríkisskuldabréfa sem viðmið fyrir áhættulausa vexti. Á skuldabréfamarkaði er það skuldabréf sem kemst næst því að vera með gjalddaga eftir 10 ár RIKB19-0226 sem er á gjalddaga árið 2019. Vextir þess stóðu í 5,65% í lok árs 2010 en voru að meðaltali í 6,46% árið 2010. Þar sem rekstrarár fjármálfyrirtækja er heilt ár er eðlilegast að notast við meðalávöxtunarkröfu skuldabréfsins yfir viðkomandi ár.

Saga óverðtryggðra langtímaríkisskuldabréfa í íslenskum krónum er fremur stutt og nær aðeins nokkur ár aftur í tímann. Það tímabil, sem hefur einkennst af miklum óróa, er ekki einkennandi fyrir hagsögu Íslands og spannar í besta falli eina hagsveiflu. Af þessum sökum henta ríkisskuldabréf ekki sérlega vel er finna á langtímaarðsemiskröfu. Engu að síður er notast við hana sem viðmið í kröfu Bankasýslunnar til arðsemi fjármálfyrirtækja til skemmri tíma. Til skemmri tíma er horft til markaðsaðstæðna fyrir hvert ár en vaxtakjör á ríkisskuldabréfum endurspeglar vel markaðsaðstæður fyrir hvert einstakt rekstrarár.

Arðsemiskrafa til fjármálfyrirtækis með 12% eiginfjárgrunn og 7% áhættuálag væri því 13,5% á síðasta ári. Þannig er arðsemiskrafan um 1,2 prósentustigum lægri en langtímaarðsemiskrafan þar sem markaðsvextir voru samsvarandi lægri. Fjármálaeftirlitið gerir hins vegar kröfu um 16% eiginfjárgrunn og sé tekið tillit til þess þarf fjármálfyrirtæki sem uppfyllir þau skilyrði að skila um 11,7% arðsemi.

Allir viðskiptabankarnir náðu framangreindri arðsemi af bókhaldslegum hagnaði en eiginfjárgrunnur þeirra var í lok árs 19%-26,6% og arðsemi 13,4%-28,5%. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja þegar litið er á kjarnaarðsemi eða arðsemi reglulegs rekstrar. Hvorki Arion banki né Landsbankinn ná arðsemiskröfu í reglulegum rekstri. Eiginfjárgrunnur Landsbankans var 19,5% og arðsemiskrafan samkvæmt því 10,8%. Eigið fé Arion banka var 19% og arðsemiskrafan 10,9%. Arðsemi framangreindra banka var 5,3% og 7,3%. Arðsemi Landsbankans af kjarnarekstri var 8,7% en Arion banka 9,2% og nær því hvorugur bankinn viðmiðinu.

Hér verður þó að hafa í huga að hagnaðartölur og arðsemi viðskiptabankanna mótast af uppgjöri milli gömlu og nýju bankanna.

⁹ UK Financial Investments LTD, Annual Report and Accounts 2009/10, bls. 14.

¹⁰ Lombard street Research; <http://www.lombardstreetresearch.com/gio/diary/r/leigh/1-646/low-level-of-economic-literacy-is-plaguing-bank-reform.html>.

3.5. Aðgerðir bankanna vegna samfélagslegrar ábyrgðar og jafnréttismála

Bankasýsla ríkisins óskaði eftir upplýsingum um aðgerðir bankanna vegna samfélagslegrar ábyrgðar og jafnréttismála og fylgir samantekt á svörum bankanna hér á eftir.

3.5.1. Samfélagsleg ábyrgð

Arion Banki

1. Hefur bankinn samþykkt stefnu um samfélagslega ábyrgð?

Í kafla um stjórnarhætti í reglubók Arion banka, kemur fram að stjórn bankans eigi að setja sér nýja stefnu um samfélagslega ábyrgð. Sú stefna liggur fyrir í drögum.

Stefna Arion banka í málefnum samfélagslegrar ábyrgðar

Arion banki er ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og tekur sem slíkur virkan þátt í uppbyggingu þess og framþróun. Samfélagsleg ábyrgð bankans er í eðli sínu þríþætt. Hún felst í fyrsta lagi í því að fyrirtækið ræki hlutverk sitt af kostgæfni, tryggi viðskiptavinum sínum öfluga þjónustu og vinni með þeim að lausn mála. Í öðru lagi felst samfélagsleg ábyrgð bankans í greiðri og vandaðri miðlun upplýsinga. Í þriðja lagi styður Arion banki við vel valin málefni sem bæta mannlíf og efla.

2. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja stefnunni?

Bankastjóri Arion banka ber ábyrgð á að stefnu bankans í samfélagslegri ábyrgð sé framfylgt.

3. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á stefnunni innan bankans?

Arion banki er ekki með skýrt afmarkað eða mótað ferli sem tekur á brotum á stefnu í samfélagslegri ábyrgð.

a. (i) Er snýr að vinnumarkaði, jafnrétti til launa óháð kyni og þjóðerni.

Ekki hefur verið mótað ferli til að taka á slíkum brotum.

b. (ii) Er auglýst í allar stöður?

Nei, ekki er auglýst í allar stöður. Arion banki er einkafyrirtæki og er því ekki skylt að auglýsa allar stöður og hefur bankinn kosið að gera það ekki sökum kostnaðar því tengdum. Flestar stöður eru þó auglýstar á heimasíðu bankans.

4. Stefna í umhverfismálum t.d. endurvinnsla?

Ekki hefur verið mótuð slík stefna en gera má ráð fyrir að tekið verði á því í nýrri stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð.

5. Stefna í upplýsingagjöf?

Stefna bankans í upplýsingagjöf miðast við að haga upplýsingagjöf eins og um skráð fyrirtæki á hlutabréfamarkaði væri að ræða. Þá einsetur bankinn sér að svara öllum þeim fyrirspurnum sem til hans berast sé þagnarskylda starfsmanna gagnvart viðskiptavinum ekki með því brotin.

6. Stuðningur við nærsamfélagið?

Í þeim þætti samfélagslegrar ábyrgðar sem lýtur að stuðningi bankans við verðug málefni, er áhersla lögð á eftirfarandi málaflokka: samfélagsleg mál, umhverfismál, nýsköpun og rannsóknir, íþróttir og heilbrigðismál, góðgerðarmál og menningu. Mikilvægt er á þessum tímum að sýna að bankanum er alvara í að byggja upp traust. Mörg þessara verkefna eru lifandi í dag og flest þeirra kalla á virkan þátt allra starfsmanna, en það er lykill að því að árangur náist.

Íslandsbanki**1. Hefur bankinn samþykka stefnu um samfélagslega ábyrgð?**

Íslandsbanki hefur ekki formlega stefnu í samfélagslegri ábyrgð en styður þó viðmið Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð og er félagi í verkefni Sameinuðu þjóðanna „Global Compact.“ Verkefninu er ætlað að hvetja fyrirtæki um allan heim til að tileinka sér tíu viðmið í rekstri og stefnumótun er snúa að mannréttindum, vinnumarkaðnum, umhverfinu og baráttunni gegn spillingu.

2. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja stefnunni?

Þar sem engin stefna er til staðar er enginn starfsmaður ábyrgur.

3. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á stefnunni innan bankans?

Þar sem engin stefna er til er ekkert ferli til að taka á brotum.

(i) Er snýr að vinnumarkaði, jafnrétti til launa óháð kyni og þjóðerni.

Á ekki við.

(ii) Er auglýst í allar stöður?

Auglýst er í velflestar stöður.

4. Stefna í umhverfismálum? (t.d. endurvinnsla)?

Engin ákveðin stefna er í umhverfismálum, en bankinn sérhæfir sig þó í stuðningi við fyrirtæki á sviði endurnýjanlegrar orku og sjálfbærs sjávarútvegs.

5. Stefna í upplýsingagjöf?

Stefna bankans í upplýsingagjöf miðast við að haga henni eins og um skráð fyrirtæki á hlutabréfamarkaði væri að ræða.

6. Stuðningur við nærsamfélagið?

Útibú bankans sjá um að styrkja menningar- og íþróttastarf í þeim samfélögum sem þau starfa í. Útibúin hafa frjálssar hendur um að velja þau verkefni sem þeim finnst vert að styðja. Auk þess styður bankinn við nýsköpun og frumkvöðlasjóður bankans styður frumkvöðlaverkefni sem leggja áherslu á endurnýjanlega orku og sjálfbæran sjávarútveg.

Landsbankinn**1. Hefur bankinn samþykka stefnu um samfélagslega ábyrgð?**

Já, bankinn lauk við að móta stefnu um samfélagslega ábyrgð þann 1. maí 2011.

2. Stefna Landsbankans í málefnum samfélagslegrar ábyrgðar

Landsbankinn vill tryggja ávinning af rekstri bankans bæði fyrir samfélagið og hluthafa. Þetta gerir Landsbankinn með því að byggja upp trausta innviði og öfluga liðsheild, hlusta á viðskiptavini sína og virða og hvetja starfsmenn til virkrar þátttöku í samfélaginu. Landsbankinn á að vera traustur samstarfsaðili og álitlegur fjárfestingakostur sem skilar eigendum ásættanlegri arðsemi og ávinningi til samfélagsins. Til að ná þessu markmiði hefur Landsbankinn greint og markað sér stefnu í fimm meginmálaflokkum til að innleiða samfélagslega ábyrgð í bankanum. Stefnurnar eru: (1) Viðskiptavinurinn, (2) Mannauður, (3) Samskipti við birgja og sala eigna, (4) Stuðningur við samfélagið og (5) Umhverfismál. Stefnan á að vera komin að fullu til framkvæmda árið 2015.

3. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja stefnunni?

Landsbankinn er með sérfræðing í samfélagslegri ábyrgð sem mun fylgja eftir verkefnum stefnunnar.

4. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á stefnunni innan bankans?

(i) Er snýr að vinnumarkaði, jafnrétti til launa óháð kyni og þjóðerni.

Ekki hefur verið mótað ferli til að taka á slíkum brotum.

(ii) Er auglýst í allar stöður?

Auglýst er í lykilstöður.

5. Stefna í umhverfismálum t.d. endurvinnsla?

Fjármálalþjónusta hefur ekki mikil bein umhverfisáhrif. Landsbankinn getur hins vegar skilgreint samfélagslegt hlutverk sitt þannig að hann vilji hafa áhrif á viðskiptavinum og birgja með virkri innkaupa-, innlána- og útlánastefnu.

6. Stefna í upplýsingagjöf?

Landsbankinn leggur áherslu á að haga upplýsingamiðlun eins um skráð fyrirtæki væri að ræða og upplýsingastefna bankans miðar við það, hvað varðar fjárhagslega þætti.

7. Stuðningur við nærsamfélagið?

Bankinn lítur á sig sem hluta samfélagsins og hagur hans helst í hendur við þróun þess. Heilbrigður banki þrífst einungis í heilbrigðu samfélagi. Grundvallaratriði samfélagslegrar ábyrgðar er að starfsemi bankans auki hag og virði bæði bankans og samfélagsins. Bankinn veitir styrki til íþróttar, menningar og umhverfismála.

3.5.2. Jafnréttisstefna og jafnréttismál

Arion banki

1. Hefur bankinn samþykkt stefnu í jafnréttismálum?

Já, bankinn hefur sett sér jafnréttisstefnu.

2. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja henni?

Bankastjóri ber ábyrgð á jafnréttisstefnunni en jafnréttisnefnd sér um að fylgja stefnunni eftir. Í jafnréttisnefnd sitja: Baldvin Hrafnsson formaður, Dröfn Guðmundsdóttir varaformaður, Gísli Óttarsson, Jóhanna Reynisdóttir og Helena Rúriksdóttir.

3. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á jafnréttisstefnu bankans?

Ekki hefur verið skilgreint ferli til að taka á brotum á jafnréttisstefnunni. Einungis hafa verið skilgreind ferli sem lúta að kynferðislegu áreiti og einelti. Þó stendur til að móta ferli til að taka á brotum.

4. Hver eru kynjahlutföll í stjórn og framkvæmdastjórn bankans?

Tafla 10: Arion banki – kynjahlutföll stjórnenda

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	4	2	6	66%	33%
Framkvæmdastjórn	7	6	13	54%	46%
Samtals	11	8	19	58%	42%

*Skv. skipuriti eftir aðalfund 2011.

5. Hver eru kynjahlutföll í stjórnnum dótturfélaga bankans og meðal framkvæmdastjóra dótturfélaga bankans?

Tafla 11: Arion banki – kynjahlutföll stjórnenda dótturfélaga

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	43	29	72	60%	40%
Framkvæmdastjóri	15	2	17	88%	12%
Samtals	58	31	89	65%	35%

*Félög: Afl sparisjóður, Arion Verðbréfavarsla, Ekort, Okkar líf, Sparisjóður Ólafsfjarðar, Stefnir, Valitor, Eignabjarg, Hagar, Penninn, BM-Vallá, Landey, Þyrping, Landfestar, Landsel, Fram seafood, Sigurplast.

Íslandsbanki

1. Hefur bankinn samþykkt stefnu í jafnréttismálum?

Já, bankinn hefur sett sér jafnréttisstefnu.

2. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja henni?

Starfsmenn mannauðssviðs.

3. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á jafnréttisstefnu bankans?

Ekki hefur verið skilgreint ferli í jafnréttisstefnu til að taka á brotum.

4. Hver eru kynjahlutföll í stjórn og framkvæmdastjórn bankans?

Tafla 12: Íslandsbanki kynjahlutföll í stjórn og framkvæmdastjórn

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	5	2	7	71%	29%
Framkvæmdastjórn	9	5	14	64%	36%
Samtals	14	7	21	66%	33%

*Skv. skipuriti eftir aðalfund 2011.

5. Hver eru kynjahlutföll í stjórnnum dótturfélaga bankans og meðal framkvæmdastjóra dótturfélaga bankans?

Tafla 13: Íslandsbanki – kynjahlutföll stjórnenda dótturfélaga

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	20	13	33	61%	39%
Framkvæmdastjóri	7	2	9	78%	22%
Samtals	27	15	42	64%	36%

*Félög: Íslandssjóðir, Miðengi, Borgun, Kreditkort, Eik Properties, Smyrslaeiði, Lómur, Rivulus, Glacier Geothermal & Seafood Corporation.

Landsbankinn**1. Hefur bankinn samþykkt stefnu í jafnréttismálum?**

Já, bankinn hefur sett sér jafnréttisstefnu.

2. Hvaða starfsmaður sér um að framfylgja henni?

Mannauðsstjóri ber ábyrgð og nýtur aðstoðar jafnréttisnefndar.

3. Hvaða ferli er til staðar við að taka á brotum á jafnréttisstefnu bankans?

Ekki hefur verið skilgreint ferli í jafnréttisstefnu til að taka á brotum. Hins vegar ber jafnréttisnefnd að gera reglubundnar úttektir á stefnunni og framkvæmd hennar.

4. Hver eru kynjahlutföll í stjórn og framkvæmdastjórn bankans?**Tafla 14: Landsbankinn – kynjahlutföll stjórnenda**

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	2	3	5	40%	60%
Framkvæmdastjórn	8	5	13	62%	38%
Samtals	10	8	18	56%	44%

*Skv. skipuriti eftir aðalfund 2011.

5. Hver eru kynjahlutföll í stjórnnum dótturfélaga bankans og meðal framkvæmdastjóra dótturfélaga bankans?**Tafla 15: Landsbankinn – kynjahlutföll stjórnenda dótturfélaga**

	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	13	14	27	48%	52%
Framkvæmdastjóri	5	0	5	100%	0%
Samtals	18	14	32	56%	44%

*Félög: Landsvaki, Reginn, Horn, Hömlur og SP – Fjármögnun, Avant, Rose Invest.


4. Sparisjóðirnir

4.1. Inngangur

Sparisjóðirnir eiga sér langa og lengst af farsæla sögu hérlendis en margir voru þeir eða forverar þeirra stofnaðir á áratugunum í kringum aldamótin 1900. Frá hruni bankakerfisins haustið 2008 hafa sparisjóðirnir þó átt undir högg að sækja. Við fall SPRON, Sparisjóðs Mýrasýslu og Sparisjóðabankans (Icebank), sem gegndi miðlægu þjónustuhlutverki fyrir sparisjóðina, var ljóst að sparisjóðakerfið stóð höllum fæti. Í apríl 2010 þegar stjórnir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík skiluðu inn starfsleyfum fjármálafyrirtækjanna var ljóst að óvissan um framtíð sparisjóðakerfisins var mikil. Ríkissjóður lagði nýju fjármálafyrirtækjunum til lágmarksstofnfjárframlag þann 20. apríl 2010 en Byr var endurreistur í formi hlutafélags. Þann 7. mars 2011 var Spkef sparisjóður sameinaður Landsbankanum með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 5. mars 2011. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu Byrs hf.

Sparisjóðirnir sem eftir standa eru 10 talsins með heildareignir að fjárhæð kr. 60,5 ma. kr. miðað við árslok 2010.

Mynd 17: Heildareignir sparisjóðakerfisins frá 2001-2011 (fjárhæðir í m.kr.)



Heimild: SÍSP, ársreikningar sparisjóða og Bankasýsla ríkisins.

Tafla 16. Starfandi sparisjóðir á Íslandi eftir brotthvarf Spkef sparisjóðs


*	Starfandi sparisjóðir	Heildareignir (m.kr.)
	Afl	14.391
**	SpVest	13.856
	S-Þing	7.493
**	SpNor	5.223
**	SpBol	5.167
**	SpSvar	3.733
	SpÓl	3.173
	SpStr	2.914
**	SpÞór	2.706
	SpHöf	1.908
	Samtals	60.563

* Heimild: Ársreikningar 2010



** Sparisjóðir sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut í

4.2. Bankasýsla ríkisins sem stofnfjárhafi

Bankasýsla ríkisins fer með stofnfjárhlut ríkissjóðs í fimm af tíu sparisjóðum landsins. Þeir eru Sparisjóður Bolungarvíkur (90,9%), Sparisjóður Norðfjarðar (49,5%), Sparisjóður Svarfdæla (90%), Sparisjóður Vestmannaeyja (55,3%) og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis (75,8%). Tveir sparisjóðir eru í eigu Arion banka, Afl sparisjóður og Sparisjóður Ólafsfjarðar. Hinir þrír eru Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Strandamanna og Sparisjóður Suður-Þingeyinga.

Mynd 18. Eignarhlutur ríkissjóðs í sparisjóðum eftir fjárhagslega endurskipulagningu

Bankasýslan er stærsti einstaki stofnfjárhafinn ef horft er á sparisjóðina sem heild. Stofnunin fer þó aðeins með aukinn meirihluta stofnfjár í þremur af tíu sparisjóðunum. Ákvarðanir sem varða framtíð sparisjóðakerfisins og mögulega endurskipulagningu þess verða því alltaf málamiðlanir milli ólíkra sjónarmiða allra haghafa.

Mynd 19. Heildareignir sparisjóða sem ríkissjóður fer með eignarhlut í 31.12.2010 (fjárhæðir í m.kr.)**Mynd 20. Heildareignir annarra sparisjóða 31.12.2010 (fjárhæðir í m.kr.)**

Bankasýslu ríkisins er falið að framfylgja eigandastefnu ríkisins sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu í september 2009. Þar er lýst þremur meginmarkmiðum ríkisins sem hluthafa í fjármálafyrirtækjum: (1) Að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og öflugs fjármálakerfis sem þjónar innanlandsmarkaði, (2) að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði og (3) að ríkið fái arð af því fé sem það leggur til íslenskra fjármálafyrirtækja.

Bankasýslan hefur leitað leiða til að styrkja þá sparisjóði sem stofnunin fer með stofnfjárhlut í þannig að rekstur þeirra verði arðbær til lengri tíma lítið, en það verður ekki gert án samstarfs og stuðnings annarra stofnfjárhafa í viðkomandi sparisjóðum sem og sparisjóða sem Bankasýslan fer ekki með stofnfjárhluti í. Grundvallarskylda Bankasýslunnar er að leitast við að tryggja að ekki þurfi að leggja sparisjóðunum til aukið eigið fé og leita leiða til að stofnfjárhlutir sem nú eru í eigu ríkisins verði seldir í samræmi við markmið um dreifða eignaraðild, áður en starfstíma Bankasýslunnar lýkur.

Bankasýslan hefur lagt mat á rekstur sparisjóðanna, skoðað söguleg gögn um afkomu þeirra á árunum 2000 til 2008 og rekstrarafkomu þeirra síðustu tvö árin sem og rekstraráætlanir til næstu þriggja ára. Tekjur sparisjóðanna eftir bankahrun eru aðallega vaxtamunur inn- og útlána. Fjárfestingatekjum sem áður settu svip sinn á reikninga margra sparisjóðanna er ekki til að dreifa nema að óverulegu leyti. Stærstu sparisjóðirnir sem báru meginþungann af kostnaði við sameiginlegan rekstur sparisjóðakerfisins eru ekki lengur til staðar. Þá setur smæð flestra sparisjóðanna þeim skorður varðandi stærri útlán og gerir þeim erfitt fyrir að byggja upp þá sérfræðiþekkingu innan fyrirtækjanna sem þeim er nauðsynleg í núverandi lagaumhverfi.

Ljóst er að grípa þarf til aðgerða til að aðlaga sameiginlegan rekstur sparisjóðanna að fækkun þeirra fyrirtækja sem að rekstrinum standa. Þar vegur þýngst kostnaður vegna upplýsingatækni. Þá er nauðsynlegt að endurskoða viðskiptalíkan sparisjóðanna og leggja mat á rekstrarhæfi þeirra til lengri tíma litið. Skoða þarf möguleika á rekstrarlegri endurskipulagningu, m.a. sameiningu sparisjóða í stærri einingar og/eða samruna við viðskiptabanka. Loks er það mat Bankasýslunnar að endurskoða þurfi löggjöf um sparisjóði þannig að unnt verði að fá nýja stofnfjárhafa að rekstrinum þegar ríkissjóður losar um eignarhald sitt.

Niðurstaða Bankasýslunnar er að hagkvæmt sé fyrir sparisjóðina að sameinast í einn sparisjóð samhliða útivistun upplýsingatækniþjónustu til fyrirtækis sem nýtur stærðarhagræðis í meira mæli en upplýsingatækniþjónustun Teris gerir nú. Sameining sparisjóða við viðskiptabanka kann að hafa í för með sér enn meiri hagræðingu í rekstri.

4.3. Fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðanna

Smærri sparisjóðirnir á Íslandi fóru ekki varhluta af vandamálum við hrun íslenska fjármálakerfisins. Á árinu 2009 þurftu margir þeirra að leita eftir fjárhagslegum stuðningi til að uppfylla skilyrði Fjármálaeftirlitsins um eigið fé. Átta sparisjóðir nýttu sér heimild í neyðarlögunum svokölluðu (lög nr. 125/2008) til að sækja um fjárframlag frá ríkissjóði sem numið gæti allt að 20% af eigin fé sparisjóðs í lok árs 2007. Ljóst var að í flestum tilvikum þyrfti meira til að koma en viðbótar eiginfjárframlag.

Seðlabanki Íslands, sem varð einn stærsti kröfuhafi smærri sparisjóðanna við fall Sparisjóðabankans í mars 2009,¹¹ gekk í samstarfi við fjármálaráðuneytið frá fjárhagslegri endurskipulagningu fimm sparisjóða á árinu 2010 sem m.a. fól í sér endurskipulagningu krafna. Samkomulagið fól í sér að hluta skulda sparisjóðanna var breytt í eigið fé, víkjandi lán og almenn lán. Stofnfé var afskrifað að því marki sem varasjóðir voru neikvæðir. Fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna fimm lauk með samningum á síðari hluta árs 2010. Bankasýslu ríkisins var, þann 16. desember 2010 annars vegar og 5. janúar 2011 hins vegar, falið að fara með eignarhluti ríkisins í sparisjóðunum fimm.

Þrjár sparisjóðir drógu hins vegar umsókn um aðstoð til baka. Hafa tveir þeirra náð samkomulagi við Seðlabanka Íslands um uppgjör skulda sinna við bankann. Umræddir sjóðir eru Sparisjóður Höfðhverfinga og Sparisjóður Suður-Þingeyinga. Sparisjóður Strandamanna á í viðræðum við Eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands um lausn sinna mála.

¹¹ Við fall Sparisjóðabankans fluttust innstæður sparisjóða og kröfur bankans á hendur sparisjóðunum yfir til Seðlabankans.

Tafla 17. Yfirlit yfir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fimm sparisjóða sem Bankasýsla ríkisins fer með stofnfjárhluti í (fjárhæðir í m.kr.)

Sparisjóður	SpVest	SpSvar	SpBol	SpNor	SpÞór	Samtals
*Meðhöndlun krafna Seðlabankans og annarra kröfuhafa:						
Breytt í stofnfé	754	382	635	150	105	2.026
**Breytt í víkjandi lán	394	0	1.099	140	0	1.633
Breytt í lán	716	0	0	0	0	716
Yfirtekið veð	0	0	0	0	75	75
Greitt með peningum	316	0	452	0	0	768
Afskrifað og tekjufært í ársreikningi	1.453	343	2.703	269	735	5.503
Kröfur samtals	3.633	725	4.889	559	915	10.721
Meðhöndlun hluta krafna Byggðastofnunar:						
Stofnfé sem Byggðastofnun eignaðist við umbreytingu víkjandi lána í stofnfé sem hefur verið framselt til fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins			65	159	90	314
Breyting á stofnfé og eignarhald:						
Stofnfé í lok árs 2009	357	651	791	484	2	2.285
Stofnfé í lok árs 2010	997	424	668	626	257	2.972
Hlutur ríkisins	551	382	607	310	195	2.045
Eignarhald á stofnfé:						
Bankasýsla ríkisins f.h. íslenska ríkisins	55,3%	90,0%	90,9%	49,5%	75,8%	
Aðrir stofnfjárhafar	44,7%	10,0%	9,1%	50,5%	24,2%	
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	
Eiginfjárhlutfall (CAD):						
Lok árs 2009	-8,3%	-15,2%	-48,7%	4,7%	-25,3%	
Lok árs 2010	16,6%	10,5%	16,2%	20,3%	16,4%	

*Í tilfellum Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Bolungarvíkur er um meðhöndlun allra krafna við fjárhagslega endurskipulagningu að ræða í tilfellum annarra sjóða er eingöngu verið að horfa á meðhöndlun krafna Seðlabanka Íslands
Samantekt yfir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fimm sjóða sem ríkið fer með eignarhlut í :
**Við fjárhagslega endurskipulagningu SpBol er 1.099 samtala víkjandi og almennra lána
Heimild: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/253-10-COL.pdf>; Bankasýsla ríkisins; ársreikningar sparisjóðanna 2009-2010.

4.4. Afkoma af rekstri sparisjóðanna

4.4.1. Reglulegur rekstur

Afkoma af reglulegum rekstri¹² sparisjóða landsins hafði farið versnandi árin fyrir hrun bankanna og var orðin neikvæð. Áhrifa einskiptisliða á uppgjör og afkoma af fjárfestingarstarfsemi var áberandi á meðan afkoma af hefðbundinni bankastarfsemi fór versnandi. Fjárfestingatekjur tryggðu mörgum sjóðanna jákvæða rekstrarniðurstöðu þar sem vaxtatekjur og þjónustutekjur náðu ekki að standa

12 Reglulegur rekstur (þ.e. reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður). Leiðrétt er fyrir óreglulegum liðum svo sem áhrifum gjaldeyrisveiflna, hagnaði af fjárfestingum og öðrum óreglulegum tekjum. Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur auk arðgreiðslna að viðbættum öðrum/ýmsum rekstrartekjum í tilfelli sparisjóðanna en það eru tekjur sem þeir fá fyrir að sinna pósthjónustu og tekjur frá tryggingarfélagum. Kostnaður vegna þessara tekna birtist í launum og öðrum rekstrarkostnaði. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

undir reglulegum kostnaði (launum og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði). Mátti lesa þetta úr reikningum flestra sparisjóða með örfáum undantekningum.

Tafla 18: Afkoma af reglulegum rekstri sparisjóða sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut í á tímabilinu 2001-2010 (fjárhæðir í þús.kr.)

Tímabil	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Hreinar vaxtatekjur	506.000	664.000	611.000	682.000	722.000	764.000	679.000	706.000	922.000	1.042.991
Hreinar þóknatekjur	180.000	198.000	212.000	222.000	238.000	239.000	265.000	276.000	262.000	186.923
Arðstekjur								135.546	57.368	11.427
*Ýmsar rekstrartekjur								86.615	112.575	116.837
Samtals	686.000	862.000	823.000	904.000	960.000	1.003.000	944.000	1.204.161	1.353.943	1.358.178
Laun og launatengd gjöld	236.000	265.000	301.000	327.000	374.000	441.000	537.000	561.000	454.000	498.778
**Annar rekstrarkostnaður	265.000	302.000	331.000	342.000	395.000	442.000	641.000	753.000	628.000	554.660
Afskriftir rekstrarfjármuna								21.329	21.340	19.656
Samtals	501.000	567.000	632.000	669.000	769.000	883.000	1.178.000	1.335.329	1.103.340	1.073.094
Afkoma reglulegs rekstrar	185.000	295.000	191.000	235.000	191.000	120.000	-234.000	-131.168	250.603	285.085
Afkoma reglulegs rekstrar eftir skatt	129.500	241.900	156.620	192.700	156.620	98.400	-191.880	-111.493	213.013	233.769
Eigið fé í lok árs	1.983.000	2.177.000	2.425.000	2.811.000	3.616.000	5.223.000	7.625.000	658.000	-3.311.000	2.798.041
***Arðsemi reglulegs rekstrar e. skatt.	7,09%	11,63%	6,81%	7,36%	4,87%	2,23%	-2,99%			

*Tekjur vegna póstpjónustu og tryggingarstarfsemi

**Afskriftir rekstrarfjármuna eru undir liðnum annar rekstrarkostnaður fyrir árin 2001-2007

***Arðsemi af reglulegum rekstri er ekki marktæk árin 2008, 2009 og 2010 þar sem eigið fé ársins 2008 er undir lögbundnum mörkum og eigið fé var neikvætt árið 2009 og fram á síðari hluta árs 2010.

Við útreikning á afkomu reglulegs rekstrar eftir skatt er stuðst við skatthlutfall fyrirtækja eins og það var á hverjum tíma

Í töflu 19 má sjá afkomu af reglulegum rekstri sparisjóðanna á árinu 2010. Þar sem eigið fé sjóðanna var neikvætt þar til fjárhagslegri endurskipulagningu var lokið á síðari hluta ársins er ekki reiknuð arðsemi af eigin fé.

Tafla 19: Afkoma af reglulegum rekstri sparisjóða sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut í á árinu 2010 (fjárhæðir í m.kr.)


Sparisjóður	SpÞór	SpSvar	SpNor	SpBol	SpVest	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	92.383	153.694	126.309	223.869	446.736	1.042.991
Hreinar þjónustutekjur	16.570	32.119	26.406	21.381	90.447	186.923
Arðstekjur	4.297	0	0	510	6.620	11.427
*Ýmsar rekstrartekjur	19.042	9.138	20.081	24.052	44.524	116.837
Samtals	132.292	194.952	172.796	269.812	588.327	1.358.179
Laun og launatengd gjöld	72.967	56.216	74.894	93.137	201.564	498.778
**Annar rekstrarkostnaður	64.543	84.363	91.000	105.548	209.206	554.660
Afskriftir fastafjármuna	4.159	2.167	4.366	5.031	3.933	19.656
Samtals	141.669	142.746	170.260	203.716	414.703	1.073.094
Afkoma reglulegs rekstrar f. skatt.	-9.377	52.206	2.536	66.096	173.624	285.085
Afkoma reglulegs rekstrar e. skatt.	-7.689	42.809	2.080	54.199	142.372	233.770


*Ýmsar rekstrartekjur: Þær tekjur sem sparisjóður fær frá tryggingafélögum og Íslandspósti. Ekki er hægt að undanskilja þær reglulegum rekstri þar sem kostnaður vegna þessarar þjónustu er ekki sundurgreindur.

**Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar

4.4.2. Rekstrarkostnaður

Eins og við er að búast af litlum fjármálafyrirtækjum er rekstrarkostnaður sparisjóðanna nokkuð hár. Á mynd 21 má sjá kostnað sparisjóðanna fimm sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns á árunum 2001-2010. Á mynd 22 má sjá kostnað sparisjóðanna hvers fyrir sig sem hlutfall af meðalstöðu heildarigna á árinu 2010.


Mynd 21: Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns 2001-2010

Mynd 22: Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu heildar fjármagns 2010


4.4.3. Vaxtamunur

Á árinu 2010 jókst vaxtamunur sparisjóðanna fimm sem Bankasýslan fer með stofnfjárhlut í úr því að vera að jafnaði 2,4% í árslok 2009 í 3,2% í árslok 2010. Ástæða aukins vaxtamunar liggur annars vegar í endurskipulagningu lánasafna sparisjóðanna og hins vegar í hliðrun vaxtaferilsins. Lögum vaxtaferilsins hefur umtalsverð áhrif á rekstur fyrirtækja sem lána til langs tíma en taka við innlánnum til skamms tíma. Mynd 23 sýnir þróun vaxtamunar sparisjóðanna fimm á tímabilinu 2001-2010. Sú mikla breyting sem varð á vaxtaferlinum frá árinu 2009 og fram á þetta ár stafaði af stýrivaxtalækkun Seðlabanka Íslands úr 18% í 4,25%. Útlit er fyrir að vaxtalækkunarferli Seðlabankans sé að ljúka og tími vaxtahækkana kunnir að vera fram undan.¹³


Samkvæmt ársreikningum sparisjóðanna eru eignir þeirra nánast að öllu leyti vaxtaberandi.

Mynd 23: Þróun vaxtamunar sparisjóðanna frá 2001-2010 sem hlutfall af meðalstöðu heildar fjármagns

¹³ Yfirlýsing Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands frá 15. júní 2011.

Mynd 24: Vaxtamunur sparisjóðanna 2010

Sparisjóðirnir fjármagna sig að mestu með innlánum og eigin fé. Innlán eru í flestum tilvikum langt umfram útlán, sjá mynd 25. Fjármálafyrirtæki hafa getað ávaxtað laust fé sitt í Seðlabankanum og haft af því ágætan vaxtamun. Það hefur þó breyst og því þurfa sparisjóðirnir að finna leiðir til að koma lausu fjármagni í ríkari mæli í útlán.


Mynd 25: Hlutfall innlána á móti útlánum þann 31.12.2010

4.4.4. Samsetning lánasafna sparisjóða í lok árs 2010 og yfirlit frá 2008-2010

Samsetning útlánasafns sparisjóðanna getur haft áhrif á rekstur þeirra og afskriftarþörf. Sparisjóðir eru almennt séð með herra hlutfall útlána til einstaklinga í eignasafni sínu. Í lok árs 2010 voru lán til einstaklinga og íbúðabygginga á bilinu 40-74% af útlánasafni þeirra sparisjóða sem Bankasýslan fer með stofnfjáreign í, sjá mynd 26. Til samanburðar námu lán til einstaklinga á bilinu 24-31% af heildarútlánasafni viðskiptabankanna þriggja á árinu 2010.

Þá er þess að geta að smærri fjármálafyrirtæki geta átt erfiðara með að ná góðri áhættudreifingu í safni sínu.

Mynd 26: Útlánasafn sparisjóðanna fimm sem Bankasýsla ríkisins fer með stofnfjárhlut í þann 31.12.2010



4.4.5. Afskriftir og staða útlánasafna sparisjóða 2008-2010

Sparisjóðirnir sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut í hafa afskrifað eða fært í varúð sem nemur tæplega 30% af útlánasafni sínu frá árinu 2008 til 2010.¹⁴ Til samanburðar var niðurfærsla eða afsláttur af útlánasafni viðskiptabankanna við yfirfærslu um 47% í tilfalli Landsbankans (NBI), 47,5% í tilfalli Íslandsbanka og 69% í tilfalli Arion banka. Tekið var tillit til varúðarsjónarmiða við ákvörðun um á hvaða verði útlánasöfnin voru keypt yfir í nýju bankana þrjá.¹⁵

Tafla 20: Afskriftir útlána á tímabilinu 2008-2010 í þeim sparisjóðum þar sem Bankasýsla ríkisins fer með stofnfjáreign (fjárhæðir í þús.kr.)

Sparisjóður	SpVest	SpSvar	SpBol	SpNor	SpPór	Samtals
Útlán og afskriftareikningur útlána 31.12.2008	9.505.463	3.145.353	8.079.000	3.699.787	2.128.847	26.558.450
Endanlegar afskriftir og sérgreind varúð:						
1/9-31/12 2008	221.089	89.942	-	53.062	4.016	368.109
1/1-31/12 2009	322.894	11.697	910.000	68.332	110.907	1.423.830
1/1-31/12 2010	313.573	192.237	460.542	82.562	168.883	1.217.797
Afskriftareikningur útlána í lok tímabils	1.539.859	392.505	2.051.121	450.258	343.679	4.777.422
Samtals sérgreint og niðurfærslur	2.397.415	686.381	3.421.663	654.214	627.485	7.787.158
Samtals sérgreint og niðurfærslur/Útlánnum +afskriftum lok árs 2008	25,22%	21,82%	42,35%	17,68%	29,48%	29,32%

¹⁴Tölur úr ársreikningum sparisjóðanna 2008-2010.

¹⁵ IMF: Iceland staff report, first review, bls. 5.

Að meðaltali voru útlánasöfn bankanna færð niður um 55% við yfirfærslu í nýja banka samanborið við 30% afskrift hjá sparisjóðunum sbr. töflu 20. Útlánasöfn banka og sparisjóða eru ekki að fullu sambærileg en þó vekur þessi mikli munur eftirtekt.

Sparisjóðirnir hafa fært eignasafn sitt niður í samræmi við þá dóma og úrræði sem lögfest hafa verið. Óvissa ríkir enn um vexti í lánasamningum og beðið er niðurstöðu dómstóla til að eyða þeirri óvissu.

4.4.6. Stærð fjármálafyrirtækja skiptir máli

Breytingar á fjármálamörkuðum og starfsumhverfi fjármálafyrirtækja hafa verið miklar á síðustu 10 til 15 árum. Breytingarnar hafa reynst smærri fjármálafyrirtækjum erfiðar. Regluverk er flóknara og gerir meiri kröfur til fjármálafyrirtækja m.a. um sérþekkingu, söfnun upplýsinga og skýrsluskil til eftirlitsaðila.

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar sem takmarka fjárhæð lána til eins aðila eða tengdra aðila við 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækja geta komið í veg fyrir útlán smærri fjármálafyrirtækja til fyrirtækja á starfssvæði þeirra. Algengt er að fjármálafyrirtæki setji sér markmið um að þak á stórum áhættuskuldbindingum sé lægra en lagaskylda kveður á um og miða t.d. við að ekki sé farið yfir 10 eða 15% af eiginfjárgrunni. Ef tekið er dæmi af sparisjóði með 5 ma. kr. efnahag og 16% eiginfjárhluftfall mætti viðkomandi sparisjóður lána einum aðila mest 200 m. kr., eða 80 m. kr. ef miðað er við 10% af eiginfjárgrunni. Þegar af þessari ástæðu er viðkomandi sparisjóður of lítill til að geta veitt flestum meðalstórum fyrirtækjum lánaþyrngreiðslu.

Smærri fjármálafyrirtæki kunna að eiga erfiðara með að fjármagna sig á markaði.

Þróun fjármálamarkaða hefur leitt til meiri fjölbreytni í vöruframboði fjármálafyrirtækja. Smærri fyrirtæki eru varla samkeppnisfær hvað varðar vöruframboð og þjónustu nema í samstarfi við stærri fjármálafyrirtæki. Sem dæmi um þjónustuþætti má nefna eignastýringu, markaðsviðskipti, framvirka samninga og ýmsar ábyrgðir.

Sparisjóðirnir hafa leitað ýmissa leiða til að takast á við þann vanda sem smæðin skapar þeim, m.a. með samstarfi, útivistun og með því að taka að sér óskyld verkefni eins og pósthjónustu og/eða umboð fyrir tryggingarfélag. Þannig hafa afgreiðslugjöld og þóknanir vegna ótengdrar þjónustu gert þeim kleift að halda útibúum opnum sem ella væri ekki rekstrargrundvöllur fyrir. Þá hafa heimildir í lögum um samstarf sparisjóða verið rýmkaðar.

Vandinn sem skapast af því að sparisjóðirnir geta ekki þjónað stærstu fyrirtækjum á starfssvæði sínu er hins vegar mikill og erfitt er að draga úr neikvæðum áhrifum hans. Reyna mun á þetta á næstu misserum þegar fjármálafyrirtæki leitast við að auka útlán.

4.5. Samstarf sparisjóðanna og sameiginlegur rekstur

Íslenskir sparisjóðir hafa lengi átt með sér samstarf á ýmsum sviðum rekstrar. Sparisjóðabankinn (Icebank) sá um erlend viðskipti, sameiginlega fjármögnun og erlenda greiðslumiðlun. Samband Íslenskra Sparisjóða (hér eftir nefnt SÍSP) hefur sinnt sameiginlegri markaðssetningu, fræðslu og upplýsingamálum. Teris hefur séð um upplýsingatækniþjónustu fyrir sparisjóðina og fleiri fjármálafyrirtæki.

Samstarfið hefur reynst sjóðunum nauðsynlegt sökum smæðar enda hefur samstarf á sviði markaðsmála og upplýsingatækni sparað sjóðunum útgjöld við uppbyggingu á innri starfsemi og gefið möguleika á betri þjónustu. Með þessu móti hefur rekstrargrundvöllur sparisjóðakerfisins verið traustari en ella hefði verið.

Með lögum nr. 76/2009 voru gerðar breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem m.a. var aukið við heimildir sparisjóðanna til samstarfs.¹⁶

4.5.1. Samband íslenskra sparisjóða

Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP) eru heildarsamtök sparisjóðanna á Íslandi sem stofnuð voru árið 1967. Fyrir stofnun Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) árið 2007 var málum þannig háttað að starfandi voru Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra sparisjóða og Samband tryggingafélaga. Sparisjóðir höfðu ekki aðgang að Sambandi íslenskra viðskiptabanka fyrr en með stofnun Sparisjóðabanka Íslands. Eftir stofnun SFF var ákveðið að halda áfram starfsemi SÍSP samhliða aðild að SFF og hafði það fyrst og fremst þýðingu fyrir minni sparisjóði.

SÍSP gegnir þríþættu hlutverki fyrir sparisjóðina; það sinnir hagsmunagæslu, fræðslu og upplýsingahlutverki og hefur tekið að sér sérstök verkefni fyrir sparisjóðina sem heild, sem dæmi má nefna vinnu við innleiðingu á Basel II reglunum. Sérverkefni sem samtökin taka að sér kalla gjarnan á aðkeypta sérfræðipjónustu og greiða sparisjóðirnir þann kostnað aukalega í hlutfalli við stærð. SÍSP hefur sinnt sameiginlegri markaðssetningu sparisjóðanna sem einni heild gagnvart landsmönnum þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfstæða sjóði og nota þeir til þess sameiginlegt vörumerki sem er skráð eign sambandsins.

Áður en til falls fjármálafyrirtækja kom hér á landi voru þegar komnir nokkrir brestir í samstarf sjóðanna, m.a. vegna þess að einstakir sjóðir höfðu sagt sig frá sameiginlegu markaðssamstarfi (fyrst SPRON og síðar Byr), en þó einnig vegna þess að samkeppnisyfirvöld höfðu gert verulegar athugasemdir við samstarf sjóðanna og töldu að það bryti gegn samkeppnislögum. Sparisjóðirnir hafa í gegnum tíðina sótt stíft að fá í lög um fjármálafyrirtæki undanþágu til þess að mega eiga með sér samstarf og hefur að nokkru orðið ágengt. Undanþáguákvæði þessi hafa aftur á móti verið of óljós og veik til að þess að veita þeim óumdeilanlegt svigrúm til samstarfs á þeim sviðum sem skiptir þá mestu máli í þeirri viðleitni að koma fram gagnvart viðskiptamönnum sem ein heild með sambærilega þjónustu, verð og vexti.

Í ljósi þróunar samstarfs sparisjóða undanfarin ár og óvissu um hvaða þættir þess kunni að brjóta í bága við samkeppnislög er nauðsynlegt að taka samstarf sjóðanna til gagn Gerrar endurskoðunar. Í því skyni verður að skoða starfsemi SÍSP en ljóst er að rekstur sambandsins hefur verið kostnaðarsamur.

Rekstur og efnahagur SÍSP

SÍSP er rekið sem sjálfseignarstofnun í eigu og á ábyrgð sparisjóðanna. Rekstrarkostnaður er greiddur annars vegar með föstu árgjaldi sem innheimt er einu sinni á ári og hins vegar með þátttöku í kostnaði vegna sérverkefna. Sá kostnaður sem til fellur vegna almennra markaðsmála samtakanna í þágu sparisjóða er innheimtur sérstaklega og þá í hlutfalli við stærð sjóðanna sem njóta góðs af starfsemi. Þannig greiða t.a.m. sjóðir á ákveðnum svæðum fyrir markaðsmál sem eingöngu tengjast umræddum svæðum. Svipað fyrirkomulag gildir um aðkeypta sérfræðipjónustu og önnur sérverkefni.

Staða efnahags SÍSP er sú að hægt ætti að vera að leggja samtökin niður nú og standa við skuldbindingar án þess að sparisjóðirnir þurfi að leggja til viðbótarfjármuni. Taprekstur samtakanna hefði að

¹⁶Í 69. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er kveðið á um samstarf sparisjóða. Þar segir í 1. mgr. að sparisjóðum sé heimilt að hafa samstarf „meðal annars um eftirfarandi verkefni, enda sé slíkt gert á almennum viðskiptalegum forsendum: a. ráðgjöf um áhættustýringu, b. rekstur upplýsingakerfa, c. öryggisefirlit, d. starfsemi innri endurskoðunardeilda, e. bakvinnsla, bókhald, greining og skýrslugerð til eftirlitsstofnana, f. lögræðiráðgjöf, samningar og samskipti við birgja, g. vörubrún og markaðssamstarf um sameiginleg vörumerki, h. fræðsla og upplýsingagjöf, i. innlend og erlend greiðslumíðlun og þjónusta við erlend viðskipti“.

Þá segir í 2. mgr. 69. gr. að „í þeim tilfellum að fleiri en einn sparisjóður hafa falið einum og sama aðila verkefni skv. 1. mgr. skulu gerðir samningar á milli hvers einstaks sparisjóðs og þess sem veitir þjónustuna. Slíkir samningar víkja ekki til hliðar skyldum þeim sem hver einstakur sparisjóður ber gagnvart lögum og reglum, eftirlitsaðilum, stofnfjáreigendum eða öðrum“.

óbreyttu fljótt gengið á eigið fé félagsins og komið í veg fyrir að hægt væri að leggja samtökin niður án þess að valda sparisjóðunum sérstökum viðbótarkostnaði.

Stjórn SÍSP samþykkti í lok september 2010 að segja skyldi upp öllum ráðningarsamningum starfsmanna samtakanna. Á árinu 2009 störfuðu 7 starfsmenn hjá SÍSP. Nú starfar þar tímabundið framkvæmdastjóri auk tveggja annarra starfsmanna. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framhald starfseminnar.

4.5.2. Tryggingarsjóður sparisjóða

Tryggingarsjóður sparisjóða hefur verið starfræktur frá árinu 1985. Í samþykktum sjóðsins kemur fram að meginhlutverk hans er að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sparisjóða og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu og slit sparisjóða. Lagastoð var fyrir rekstri sjóðsins í lögum um innstæðutryggingar. Í frumvarpi til breytinga á lögum um innstæðutryggingar hefur þetta ákvæði verið felld út. Eini starfsmaður sjóðsins lét af störfum í lok árs 2010.

Síðustu ár hafa tekjur sjóðsins verið vaxtatekjur og árgjald sjóðsfélaga. Árgjaldi er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði sjóðsins.

Lendi sparisjóður í rekstrarvanda hefur Tryggingarsjóður sparisjóða stýrt ferðinni við þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í. Tryggingarsjóðurinn hefur þó ekki fjárhagslegt bolmagn til að mæta því ef stærri sjóðir þurfa á aðstoð að halda. Á árinu 2010 keypti Tryggingarsjóður sparisjóða stofnfé í Sparisjóði Þórshafnar og nágnennis að andvirði 60 m.kr. og er Tryggingarsjóðurinn næststærsti stofnfjáreigandi á eftir ríkissjóði í sjóðnum og fer með 24% hlut.

4.5.3. Teris – upplýsingatæknimál

Einn stærsti kostnaðarliður í rekstri fjármálafyrirtækja, að launagreiðslum undanskildum, er kostnaður sem tengist upplýsingatæknimálum. Rannsóknir á samruna fjármálafyrirtækja, einkum innlánsstofnana, sýna að sparnaður við kostnað sem tengist upplýsingatækni er ein helsta uppspretta stærðarhagræðis við slíkan samruna.

Rekstrarkostnaður sem tengist upplýsingatækni og rekstri tölvu- og greiðslukerfa er mjög hár hjá íslenskum sparisjóðum eins og öðrum fjármálafyrirtækjum. Því er ljóst að hagræðingaraðgerðir á þessu sviði geta skilað miklu og eru í raun ein meginforsenda þess að vel takist til við endurreisn trausts og arðbærs sparisjóðakerfis.

Í dag eiga sparisjóðirnir samstarf um rekstur upplýsingatæknimála að talsvert miklu leyti en það samstarf á sér stað í gegnum upplýsingatæknifyrirtækið Teris.

Sparisjóðirnir hafa í gegnum tíðina verið stærstu viðskiptavinir Teris. Byr hf. og Spkef ásamt öðrum sparisjóðum eru stærsti aðilinn að Teris samstarfinu en aðeins um 20% af tekjum Teris koma frá öðrum aðilum. Samstarfsaðilar fara með eignarhaldið í Teris í hlutfalli við umfang viðskipta sinna við félagið og bera auk þess óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess. Teris er ekki rekið sem hlutafélag þar sem slíkt rekstrarform krefst þess að virðisaukaskattur sé lagður á þjónustuna og það er talið geta skekkt samkeppnisstöðu minni fjármálafyrirtækja.

Eins og fram hefur komið greiða sparisjóðir hlutfallslega til Teris eftir stærð og umfangi starfseminnar. Stærstu viðskiptavinir Teris eru Byr hf. og Spkef sparisjóður (Landsbankinn). Nú er ljóst að Spkef sparisjóður verður ekki aðili að samstarfinu og Byr hf., er í söluferli. Við líklegt brotthvarf beggja aðila úr samstarfinu er ljóst að forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi Teris í óbreyttri mynd eru brostnar.

Frá hrúni hefur verið unnið markvisst að því að lækka rekstrarkostnað Teris til að mæta breyttu umhverfi á fjármálamarkaði. Af ofangreindu má þó vera ljóst að hagræðing í upplýsingatækni sparisjóðanna þarf að ná lengra en til einfaldrar endurskoðunar á starfsemi og þjónustuþáttum Teris og hefur verið unnið að því af hálfu stjórnar og stjórnenda Teris að finna viðunandi framtíðarlausn.

4.6. Innlausnarréttur

Við endurreisn sparisjóðakerfisins er nauðsynlegt að samstarf ríkisins og annarra stofnfjáreigenda verði farsælt. Þá er nauðsynlegt að vinna að undirbúningi þess að ríkið geti losað um eignarhlut sinn í sparisjóðunum eftir að fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu er lokið. Einn liður í því var að koma á kaupréttarkerfi sem felst í því að viðkomandi sparisjóður getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og að ákveðnum tíma liðnum innleyst hluta af stofnfé því sem ríkið eignaðist í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Hvort viðkomandi sparisjóður nýtir sér réttinn til innlausnar ræðst m.a. af því hvernig rekstur sjóðsins gengur fram að innlausnardegi.

Rætt var um mögulegan innlausnarrétt á samráðsfundum Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneytis og sparisjóðanna í aðdraganda samninga um endurfjármögnun. Ákvæði um innlausnarrétt stofnfjárhafa voru þó ekki hluti af samkomulagi milli sparisjóðanna og Seðlabankans. Samkvæmt beiðni frá fjármálaráðuneyti lagði Banksýsla ríkisins fram tillögu að innlausnarrétti sem Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hefur samþykkt.

Innlausnarrétturinn eykur möguleika ríkisins á að losa um eignarhlut sinn þegar fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu er lokið. Enn fremur er innlausnarrétturinn til þess fallinn að vinna hugmyndum um sameiningu sjóða brautargengi enda líkur á því að stærri og sameinaður sjóður verði arðbærari en margir smærri.

Helstu efnisatriði innlausnarréttar eru eftirfarandi:


1. Innlausnarréttur nær til allt að 60% af því stofnfé sem er í eigu ríkisins.
2. Innlausnarrétturinn verður virkur tveimur árum eftir að ríkið eignast stofnféð, þ.e. 12 og 24 mánuðum eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið, á árunum 2013 og 2014. Innlausnarréttur flyst á milli ára að því marki sem hann er ekki nýttur á fyrra innlausnarári.
3. Innlausnarverð stofnfjárins skal vera kaupverð þess að viðbættum vöxtum sem skulu vera jafnháir vöxtum af innlánsreikningum viðskiptabanka hjá S.Í., sbr. 3. gr. reglna nr. 540/2007 auk 3,0% vaxtaálags.
4. Framkvæmd innlausnarréttar
 - a. Sparisjóðurinn getur með því að nýta heimildir til arðgreiðslna innleyst hlut ríkisins með eigin fé.
 - b. Með áskrift hjá stofnfjáreigendum. Áskriftarverð stofnfjárhluta er innlausnarverð þeirra. Sparisjóðurinn getur nýtt leið A og B samtímis ef því er að skipta.
5. Skilyrði innlausnar.
 - a. Varasjóður jákvæður (skatteign ekki talin með).
 - b. CAD eigið fé 16% (A=12% og B=4% eða samtals 16%), eða í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins við innlausn.
 - c. Kröfur um laust fé frá Seðlabanka og Fjármálaeftirliti séu uppfylltar.
 - d. Aðrar gildar ástæður sem kunna að koma í veg fyrir að af innlausn verði.
6. Fyrirvarar og takmarkanir á innlausn.
 - a. Innlausnarréttur heldur gildi sínu við sameiningar tveggja eða fleiri sparisjóða.
 - b. Innlausnarréttur fellur niður verði sparisjóður yfirtekinn af viðskiptabanka.
 - c. Við aukið eiginfjárframlag frá ríkinu fellur rétturinn niður.

4.7. Framtíðarrekstur íslenskra sparisjóða – fjórar leiðir

Í grófum dráttum má segja fjórar leiðir færar hvað varðar framtíð sparisjóðakerfisins hér á landi. Í fyrsta lagi má hugsa sér kerfi þar sem sjóðirnir starfa áfram sem sjálfstæðar einingar sem geta átt með sér samstarf á vissum sviðum í gegnum miðlæg samtök eða þjónustufyrirtæki. Í öðru lagi kemur til greina að sameina sem flesta, eða alla sparisjóði í einn sjóð sem yrði rekinn sem eitt fyrirtæki með starfsemi um allt land. Í þriðja lagi mætti selja eignarhlut ríkisins í einstökum sparisjóðum til þess viðskiptabanka sem mest hagræði sæi í sameiningu við viðkomandi sjóð. Í fjórða lagi ber að athuga möguleika á því að sameina sparisjóðina við einn af viðskiptabönkunum þremur. Líklegt má telja að nauðsynlegur undan- fari þeirrar leiðar sé sameining allra minni sjóða í einn.

Sérhver þessara leiða hefur sína kosti og galla en flest bendir til að önnur og fjórða leið séu betur til þess fallnar að auka arðsemi og skilvirkni fjármálafyrirtækjanna en fyrsta leiðin. Þá fela þær í sér minni áhættu en þriðja leiðin á því að ríkið geti ekki losað um eignarhald á öllum þeim sparisjóðum sem það fer með stofnfjáreign í.

Mynd 27. Leiðir við rekstrarlega endurskipulagningu



4.7.1. Leið 1. Sjálfstæðar einingar

Í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóða kemur til greina að þeir verði áfram starfræktir hver í sínu lagi líkt og verið hefur.

Kostirnir við að fara þessa leið eru nær eingöngu samfélagslegir en erfitt er að færa viðskiptaleg rök fyrir því að þetta fyrirkomulag sé æskilegt til frambúðar. Með þessu fyrirkomulagi er nokkuð tryggt, að minnsta kosti til skamms tíma, að í landinu starfi fjármálafyrirtæki sem þjóni dreifbýli og einnig er leiðin til þess fallin að stuðla að fjölbreyttara fjármálakerfi til lengri tíma ef sjóðirnir reynast færir um að standa undir rekstri sínum án stuðnings frá ríkinu.

Ef leið eitt verður fyrir valinu þarf að tryggja enn frekari hagræðingu í rekstri sparisjóðanna en þegar hefur náðst. Náist hagstæðir samningar um upplýsingatækniþjónustu, t.d. með sameiningu Teris við tölvusvið viðskiptabanka, kann það að vera mikilvægt skref í þá átt. Samkeppnislöggjöf kann þó að koma í veg fyrir að sú leið sé fær.

Ókostirnir við þetta fyrirkomulag eru rekstrarlegs eðlis. Núverandi regluumhverfi á fjármálamarkaði gerir vart ráð fyrir svo smáum einingum og meðal annars af þeim sökum er afar erfitt að halda kostnaði niðri og tryggja þá sérfræðipækkingu sem þarf ef þjónustan á að vera samkeppnishæf. Sparisjóðirnir hafa flestir þegar hagrætt talsvert í rekstrinum frá því að fjármálakerfið hrundi og vandséð er með hvaða hætti hægt er að ná fram frekari hagræðingu innan einstakra sjóða ef þeir starfa áfram með óbreyttu sniði.

Smæð einstakra sjóða og raunar sparisjóðakerfisins í heild hefur ekki verið þessum fyrirtækjum til framdráttar í því flókna og alþjóðlega umhverfi sem rekstur fjármálafyrirtækja er. Smærri fyrirtæki bjóða óhjákvæmilega takmarkaðri þjónustu og standa einnig frammi fyrir færri möguleikum í rekstri sínum, ekki síst hvað varðar valkosti við fjármögnun. Þá eru smærri einingar gjarnan síður í stakk búna til að mæta neikvæðum ytri áhrifum. Því er ekki hægt að útiloka að sú ákvörðun að viðhalda sparisjóðakerfi með fjölda sjálfstæðra örsjóða líkt og verið hefur hér landi geti leitt til annars hruns kerfisins þegar fram líða stundir. Ef sparisjóðakerfið á að geta staðið af sér áföll í framtíðinni er nauðsynlegt að gera á því breytingar.

4.7.2. Leið 2. Sameining sparisjóða

Þessi leið felur í sér sameiningar tveggja eða fleiri sparisjóða í stærri einingar eða í einn sparisjóð. Hægt er að fara ýmsar leiðir varðandi sameiningar, t.d. með stofnun eins deildarskipts sparisjóðs eða með stofnun móðurfélags þar sem miðlæg og sameiginleg verkefni væru unnin, en samskipti við viðskiptavinum færu fram í svæðisbundnum dótturfélögum. Halda má tengslum við nærsamfélag sjóðanna með svæðisbundnum góðgerðasjóðum og/eða fulltrúaráði. Væri þessi leið farin væri æskilegt að leita eftir samstarfi um slíkt við alla sparisjóði, þar á meðal þá sparisjóði sem ríkissjóður á ekki eignarhluti í.

Enginn vafi leikur á því að sameining myndi leiða til hagræðingar í rekstri. Með þessari aðgerð yrði til stærra fjármálafyrirtæki með starfsemi víða um land sem ætti möguleika á að keppa við viðskiptabankana. Alþjóðlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að stór fjármálafyrirtæki eru iðulega hagkvæmari en lítil og er munurinn sérstaklega mikill þegar um er að ræða örfyrirtæki á borð við íslenska sparisjóði.¹⁷

Samlegðaráhrifin sem verða til við sameiningu eru margvísleg og þeim má í grófum dráttum skipta í tvo flokka: samlegðaráhrif tengd rekstri annars vegar og samlegðaráhrif tengd fjármögnun hins vegar. Hér að neðan má sjá helstu atriði sem tengjast þeirri hagræðingu sem væri fólgin í sameiningu sparisjóðanna.

- Fækkun stjórna og stjórnenda.
- Markvissari og skilvirkari stjórnun.
- Minni kostnaður vegna SÍSP en sú starfsemi gæti runnið inn í sameinaðan sjóð.
- Fleiri möguleikar hvað varðar fjármögnun og greiðari aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum.
- Regluverk á fjármálamarkaði er hagfelldara stærri fyrirtækjum.
- Með rétttri markaðssetningu getur öflugur sameinaður sjóður laðað til sín gamla viðskiptavinum sparisjóðakerfisins sem hafa fært sig frá sparisjóðunum.

Af þessu má vera ljóst að kostir sameiningar geta verið miklir. Einn stór og öflugur sjóður er líklegri til að geta staðið á eigin fótum til lengri tíma og keppt við viðskiptabankana þrjá. Stærra fjármálafyrirtæki hefur aukið bolmagn til útlána, getur verið með meira vöruframboð og veitt viðskiptavinum sínum víðtækari þjónustu. Í sameinuðum sparisjóði væri unnt að byggja upp þá sérfræðipækkingu innanhúss sem þörf er á við rekstur fjármálafyrirtækja.

Þjónusta við dreifbýli yrði áfram til staðar og því ætti tryggð viðskiptavina sparisjóðanna ekki að vera í hættu. Í þessu sambandi verður þó að kanna hver þörfin er á þéttu útibúaneti líkt og er hér á landi. Með bættum fjarskiptum hefur grunnþjónusta banka að miklu leyti færst úr útibúum yfir á netbanka og ljóst er að sú þróun mun halda áfram á komandi árum.

Helsti gallinn við þessa leið hefur verið talinn sá að hætta sé á að sparisjóðirnir glati tengslum við nærsamfélagið og að þekking á viðskiptavinum minnki, en hvort tveggja hefur verið talið til helstu

¹⁷ Sjá nánar umfjöllun um stærðarhagkvæmni í bankarekstri í kafla 5.4.1.

styrkleika sparisjóðanna. Gegn þessu má vinna með aukinni valdreifingu þannig að útibúin hafi aukið vald til að taka útlánaákvörðanir samfara ábyrgð á þeim ákvörðunum. Þá væri hægt að setja upp svæðisbundna samfélagssjóði sem tengdust afkomu tiltekinna útibúa og sem stýrt væri af fulltrúum íbúa á viðkomandi starfssvæði.

4.7.3. Leið 3. Sala á einstökum sparisjóðum til viðskiptabanka

Fara mætti þá leið að selja sparisjóði þeim viðskiptabanka sem best getur boðið, þ.e. þeim banka þar sem mest samlegðaráhrif liggja í sameiningu rekstrarins. Kosturinn við þessa leið er að með henni yrðu samlegðaráhrif einstakra eininga háværð. Gallarnir liggja í því að óvíst er að ríkissjóði tækist með þessum hætti að losa um eignarhald sitt í öllum sparisjóðum sem það fer með hlut í á viðunandi verði. Þá yrði rekstur sjálfstæðu sparisjóðanna enn erfiðari þar sem sameiginlegur rekstur sparisjóða á upplýsingatækni og annarri þjónustu stæði enn síður undir sér.

4.7.4. Leið 4. Samruni við viðskiptabanka

Skoða verður þann valkost að sameina sparisjóði sem eru í umsýslu Bankasýslu ríkisins við einn af stærri viðskiptabönkunum.

Hugmyndir um sameiningu sparisjóða við viðskiptabanka ganga lengra í hagræðingarátt en sameining sparisjóðanna, en eru um leið líklegri til að leiða til þess að sparisjóðakerfið sem slíkt líði undir lok.

Kostir þriðju leiðarinnar eru í grófum dráttum þeir sömu og við leið tvö, en sameining sjóðanna mun í fyrstu skapa rekstrar- og fjármögnunarhagræði. Með því að sameina nýjan og stærri sjóð starfandi viðskiptabanka er unnt að ná fram enn frekari samlegðaráhrifum, bæði hvað varðar rekstur og fjármögnun.

Margt bendir til þess að hægt sé að ná fram mestu hagræði í sparisjóðakerfinu með því að sameina sjóðina við viðskiptabanka. Með því móti mætti hagræða á nær öllum sviðum, ekki síst hvað varðar útibúanet, upplýsingatækni, starfsmannafjölda og markaðsmál. Hagræðing í upplýsingatækni yrði veruleg en að launum undanskildum er upplýsingatækni stærsti kostnaðarliður í rekstri nær allra fjármálafyrirtækja. Þessi leið myndi fela í sér mesta hagræðingu fyrir fjármálakerfið í heild. Að lokum skal bent á að þessi leið er til þess fallin að auka líkur á því að ríkissjóður geti selt alla eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum þegar fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu er lokið.

Leiðin er þó ekki gallalaus. Fyrst og fremst má nefna að yrði þessi leið farin væri tæplega um sparisjóðakerfi að ræða hér á landi þótt hugsanlega yrðu starfræktir nokkrir litlir sparisjóðir. Einsleitni fjármálakerfisins yrði meiri. Rétt eins og í leið tvö hér að framan lýtur gagnrýni á þessa leið fyrst og fremst að samfélagslegum þáttum og ótta við að bankaþjónusta í smærri samfélögum á landsbyggðinni skerðist of mikið. Ekki er ólíklegt að hagræðing, t.d. í útibúaneti sparisjóða, bitni í ríkari mæli á einu svæði umfram annað. Þegar til lengdar er litið má ætla að allar hagræðingaraðgerðir í rekstri fyrirtækja skili sér að lokum til viðskiptavina í formi betri og ódýrari þjónustu og það vegur upp á móti óþægindum sem kunna að skapast, t.d. vegna fjarlægða á milli útibúa.

4.8. Staða mála

Ljóst var að brotthvarf Spkef úr hópi sparisjóða myndi hafa töluverð áhrif á rekstur þeirra sparisjóða sem eftir stóðu. Af því tilefni óskaði Bankasýsla ríkisins eftir að haldinn yrði fundur allra sparisjóða á landinu. Fundurinn var haldinn þann 11. mars 2011 og var tekin ákvörðun um að stofna vinnuhóp sem í átta sæti 6 fulltrúar sparisjóðanna og starfsmaður Bankasýslu ríkisins. Starfshópnum var falið að skoða þrjár mögulegar leiðir: (1) að sparisjóðirnir yrðu reknir áfram með óbreyttu sniði en gripið yrði til innri hagræðingaraðgerða, (2) að sparisjóðirnir yrðu sameinaðir í 3 – 5 landshlutabundna sparisjóði og (3) að sparisjóðirnir yrðu sameinaðir í einn.

Vinnuhópurinn skilaði niðurstöðu sinni í maí og var tillaga hópsins sú að stefnt skyldi að sameiningu í 3 – 5 landshlutabundna sparisjóði. Nýkjörnar stjórnir sparisjóðanna hafa nú forgöngu um að kanna möguleika á sameiningu við aðra sparisjóði. Stjórnirnar eru þó óbundnar af tillögum vinnuhópsins og geta skoðað sameiningar við viðskiptabanka eða aðra möguleika ef það er betur til þess fallið að tryggja hagsmuni stofnfjáreigenda og viðskiptavina viðkomandi sparisjóðs. Bankasýslan mun fara yfir tillögur stjórnna sparisjóðanna þegar þær liggja fyrir og greiða atkvæði á hluthafafundum þannig að markmið ríkisins sem eiganda í fjármálafyrirtækjum verði sem best tryggt.

Fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna fimm lauk sem fyrr segir á síðari hluta árs 2010. Um miðjan febrúar var Bankasýslan upplýst um að eiginfjárhlutfall Sparisjóðs Svarfdæla, reiknað samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, væri þegar komið undir 16% hlutfall sem Fjármálaeftirlitið gerir kröfu til. Þegar endurskoðaður ársreikningur félagsins lá fyrir var ljóst að eiginfjárhlutfallið var 10,5% í árslok 2010. Þessi staða kann að hafa áhrif á þær tillögur sem gera verður um rekstrarlega endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla.

Mikilvægt er að tekist verði á við rekstrarlega endurskipulagningu til að ljúka því starfi sem hafið var með fjárhagslegri endurskipulagningu. Alþjóðlegar rannsóknir á kerfishruni fjármálafyrirtækja sýna að löndum reynist auðveldara að takast á við fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækja en að halda verkinu áfram og tryggja arðbæran rekstur fjármálafyrirtækja til lengri tíma.¹⁸ Hagræðing er nauðsyn í fjármálakerfinu í heild sem og í einstökum fjármálafyrirtækjum. Án hennar verður ekki hægt að tryggja hagkvæma miðlun fjármagns milli sparnaðar og fjárfestingar eins og bankakerfinu er ætlað.

¹⁸ Dziobek og Pazarbasioglu. Lessons from Systemic Bank Restructuring. International Monetary Fund. 1998. Bls. 17.


5. Rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja

5.1. Ytri rekstrarskilyrði

5.1.1. Veikur efnahagsbati

Samdráttur varð á vergri landsframleiðslu sem nam 3,1% árið 2010. Horfur í ár eru betri að mati Seðlabanka Íslands og spáir bankinn kröftugum viðsnúningi sem skili 2,3% hagvexti í ár. Ef spáin gengur eftir mun dýpsta samdráttarskeiði í Lýðveldissögunni ljúka. Ísland er enn á meðal ríkari þjóða Evrópu þó að staða þess sé breytt frá því sem var fyrir bankahrun. Landsframleiðsla á mann er nú lítillega lægri en í Svíþjóð og Danmörku en lítillega hærrí en í Þýskalandi og Bretlandi. Landsframleiðsla á mann var sú sautjándi hæsta árið 2010 og hafði Ísland fallið um tíu sæti frá árinu 2007.¹⁹


Mynd 28: Hagvöxtur og spá Sí um hagvöxt



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Vöxtur útflutnings, áframhaldandi aukin einkaneysla og stóriðju fjárfesting mun halda uppi hagvexti á þessu ári samkvæmt spá Seðlabankans. Töluverð óvissa er þó um forsendur hagspár Seðlabankans, t.d. veltur mikið á stóriðju fjárfestingu en án hennar munu fjárfestingar nær ekkert aukast í ár. Forsendur Seðlabankans gera ráð fyrir fjárfestingu Alcoa í rafskautaverksmiðju á þessu ári og að stóriðjuframkvæmdir tengdar álveri í Helguvík hefjist af fullum krafti árið 2012. Hætt er við að ef ekki verður af fyrirhuguðum framkvæmdum verði atvinnuleysi meira og einkaneysla minni, sem leiðir til minni umsvifa hagkerfisins í heild.

¹⁹ Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Mynd 29: Fjárfesting án stóriðjuframkvæmda og spá Sí um fjárfestingu án stóriðjuframkvæmda

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fjárfesting hefur verið í algjöru lágmarki síðastliðin tvö ár og var hlutfall fjárfestingar af vergri landsframleiðslu aðeins 13% árið 2010. Hlutfall fjárfestingar hefur aldrei verið lægra, en hagvöxtur framtíðar byggist á skynsamlegri og arðsamri fjárfestingu nútíðar. Útlánavöxtur og rekstrarskilyrði fjármálafyrirtækja ráðast að stórum hluta af skilyrðum og tækifærum til fjárfestingar en án fjárfestingar verður enginn útlánavöxtur.

Mynd 30: Hlutfall fjárfestingar af vergri landsframleiðslu

Heimild: Hagstofa Íslands.

Lítill fjárfesting setur útlánavexti fjármálafyrirtækja skorður. Óvissa um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu dregur enn frekar úr vilja til fjárfestingar í þeirri grein sem hefur hvað mesta burði til þess vegna hagstæðra rekstrarskilyrða. Sjávarútvegsfyrirtæki eru einn stærsti viðskiptavinur innlendra viðskiptabanka en þau hafa haldið að sér höndum í fjárfestingu vegna óvissu.


Líklegt er að stór hluti stóriðju fjárfestingar verði fjármagnaður með erlendu lánsfé. Virkjanir og álver eru fjármagnsfrekar langtímafjárfestingar og oftast fjármagnaðar í erlendum gjaldeyri. Innlendir viðskiptabankar hafa takmarkaða getu til að veita stór útlán í erlendri mynt til langs tíma. Óvissa um erlenda fjármögnun viðskiptabanka, stærð og lengd lána ræður þar mestu. Hins vegar er líklegt að innlendir viðskiptabankar komi að fjármögnun smærri verkefna og geti tekið þátt í sambankalánum.

Þótt fjárfestingar aukist eitthvað á árunum 2012 og 2013 er aukningin frá sögulegu lágmarki og því ekki endilega svo mikil í krónum talið þó að um umtalsverða hlutfallslega hækkun sé að ræða. Af framansögðu er ljóst að ekki er útlit fyrir verulegan útlánavöxt á næstunni.

5.1.2. Þróun inn- og útlána

Árið 2010 drógust útlán viðskiptabankanna þriggja saman um 4,5% sem hélst í hendur við litla fjárfestingu. Innlán viðskiptamanna drógust enn meira saman, eða um 10,2%. Samtals hafa útlán bankanna til viðskiptamanna dregist saman um rúmlega 80 ma.kr. frá ársbyrjun 2009 eða úr 1.527 ma.kr. í 1.446 ma.kr.²⁰ Innlán viðskiptamanna hafa á sama tíma dregist saman um 32 ma.kr. eða úr um 1.189 ma.kr. í 1.157 ma.kr. Bankakerfið hefur því verið að dragast saman.

Mynd 31: Þróun inn- og útlána viðskiptabankanna



*Útlánavöxtur er leiðréttur fyrir um 112,8 ma.kr. greiðslu með útlánasafni sem Arion banki fékk frá Kaupþingi banka vegna hlutfjárkaupa í byrjun árs 2010.

5.1.3. Þróun á vaxtamarkaði hagstæð

Þótt bankamarkaður hafi einkennst af samdrætti á síðasta ári hafa skilyrði á vaxtamarkaði verið mjög hagstæð. Fjármálafyrirtæki fjármagna sig að jafnaði til skamms tíma en lána út til lengri tíma. Þannig voru skilyrði á vaxtamarkaði óhagstæð í upphafi árs 2009 er skammtímavextir voru umtalsvert hærri en langtímavextir. Nú er þessu öfugt farið og voru skammtímavextir á skuldabréfamarkaði rétt rúmlega 2% í lok árs 2010 en langtímavextir um 6%. Á sama tíma hefur hagnaður banka aukist verulega. Stóran hluta aukins hagnaðar bankanna milli 2009 til 2010 má rekja til hagstæðari skilyrða á vaxtamarkaði fremur en þess að skilvirkni einstakra rekstrareininga hafi aukist. Meðalvaxtamunur viðskiptabankanna fór úr 2,4% árið 2009 í 3,1% árið 2010 og hreinar vaxtatekjur fóru úr 58,7 ma.kr. í 79,3 ma.kr.


Vaxtaumhverfi banka er nú eins hagstætt og frekast getur orðið. Erfitt er að auka vaxtamun frekar þar sem innlánsvextir geta tæpast lækkað mikið meira. Lítil eftirspurn eftir útlánnum stendur fjármálafyrirtækjum fyrir þrífum er fjármagn á lágum vöxtum safnast upp og dregur úr arðsemi. Að auki er fyrirsjáanlegur aukinn kostnaður vegna innstæðutryggingarsjóðs sem mun draga úr raunvaxtamun og framlegð.

Líklegt er að mikil samkeppni verði um útlán jafnt stór sem smá við framangreindar aðstæður. Ef bankar og sparisjóðir ætla sér hluta af nýjum lánnum á næstu tveimur árum þurfa þeir að geta boðið betur en keppinautarnir. Það fjármálafyrirtæki mun standa best að vígi sem getur boðið hagstæðustu

²⁰ Útlánavöxtur er leiðréttur fyrir um 112,8 ma.kr. greiðslu í útlánasafni sem Arion banki fékk frá Kaupþingi banka vegna uppgjörs í byrjun árs 2010.

vaxtakjörin án þess að slá verulega af eigin virðisaukningu og þannig boðið bestu þjónustuna á ódýrasta hátt. Forgangsverkefni bankastjórnenda á næstunni hlýtur því að vera að hagræða og auka skilvirkni.

Mynd 32: Þróun vaxtamarkaðar



Heimild: Kauphöll Íslands.

Vaxtaumhverfi getur haft veruleg áhrif á samkeppnisstöðu, en einnig lagaumhverfi. Vaxta-, laga- og eftirlitsumhverfi breyttist mikið bæði í Evrópu og Bandaríkjunum á milli níunda og tíunda áratugarins. Innlánsvextir fóru úr tveggja stafa tölu í upphafi níunda áratugarins í 3 – 5% á þeim tíunda. Samfara þeim breytingum ásamt strangara eftirliti og framförum í upplýsingatækni fór það sem metið var hagkvæmasta stærð fjármálafyrirtækja úr 1 ma. USD í 25 ma. USD.²¹


Lægra vaxtaumhverfi gerir vaxtamun milli fjármálafyrirtækja hlutfallslega meiri. Þannig er hlutfallslega meiri munur á 2% og 2,5% innlánsvöxtum en 12% og 12,5% innlánsvöxtum. Óarðbærari og minni bankar eiga af þessum sökum erfiðara með að keppa í lágvaxtaumhverfi.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru að meðaltali 10,7% á fyrsta áratug þessarar aldar. Ýmislegt bendir til að vaxtaumhverfi næstu ára verði lægra. Eldri þjóð, minni hagvöxtur og hugsanleg upptaka evru gæti allt eitt og sér leitt til lægra vaxtaumhverfis sem gæti þrýst á um hagræðingu.

5.1.4. Fasteignamarkaður í jafnvægi

Útlán til einstaklinga eru að stærstum hluta til fasteignakaupa. Fremur rólegt hefur verið á þeim markaði frá bankahruni og velta lítil. Heldur lifnaði yfir markaðnum í fyrra og hefur velta aukist nokkuð frá árinu 2009 en það ár var aðeins gengið frá 3.700 kaupsamningum. Samtals var gengið frá 4.700 kaupsamningum árið 2010 sem er þó næstminnsti fjöldi kaupsamninga frá því reglubundin skráning hófst árið 1990. Fasteignaverð hefur staðið í stað að raunvirði síðastliðna 12 mánuði en spár gera ráð fyrir raunlækkun fasteignaverðs. Ástæðu þess má að hluta til rekja til töluverðrar offjárfestingar í íbúðarhúsnæði á árunum fyrir hrún. Nýbygging íbúðarhúsnæðis eða mikil útlán vegna fasteignaviðskipta eru því fremur ólíkleg á næstunni.


²¹ Berger, Allen Mester, Loretta: Inside the black box: What explains difference in the efficiencies of financial institutions. Journal of Banking and Finance 1997.

Mynd 33: Þróun raunverðs íbúðarhúsnæðis frá 1994

Heimild: Þjóðskrá Íslands og Hagstofa Íslands.

5.1.5. Verðbréfamarkaður

Velta á verðbréfamarkaði nam 5.705 ma.kr. árið 2010 og jókst um 3% að nafnvirði milli ára eða um 1% að raunvirði. Nær öll velta á verðbréfamarkaði var á skuldabréfamarkaði en velta á hlutabréfamarkaði nam aðeins 25 ma.kr. samanborið við um 100 ma.kr. árið 2009. Styrk staða fjármálafyrirtækja á skuldabréfamarkaði skiptir máli fyrir þjónustutekjur. Markaðshlutdeild viðskiptabankanna á skuldabréfamarkaði dalaði lítillega úr 54% í 52,8%. Hlutdeildin dregst umtalsvert saman hjá Íslandsbanka og Arion banka en eykst hjá Landsbankanum.

Mynd 34: Markaðshlutdeild stærstu aðila á skuldabréfamarkaði árið 2010

Heimild: Kauphöll Íslands.

5.2. Áhættuþættir og lagaumhverfi

5.2.1. Afnám gjaldeyrishafta

Ein af stærri áhættum í rekstri viðskiptabankanna þriggja er mögulegt útstreymi fjármagns í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta. Af þeim sökum gerir Fjármálaeftirlitið strangari kröfur um lausafjárhlutfall²²

²² Laust fé samanstendur af sjóði, innstæðum í Seðlabankana, innstæðum hjá innlendum og erlendum fjármálafyrirtækjum, endurhverfum verðbréfum og öðru lausu fé, t.d. loforði um lánsfyrirgreiðslu frá ríki. Lausafjárhlutfall er hlutfall lauss fjár af heildar innlánnum

til viðskiptabankanna en ella eða 20%. Til samanburðar er aðeins krafist um 10% lausafjárhlutfalls hjá sparisjóðum en nær öll innlán erlendra aðila eru í viðskiptabönkunum þremur og Seðlabankanum.

Samtals námu innlán erlendra aðila 192 ma.kr. hjá viðskiptabönkunum þremur í árslok 2010²³ en heildarinnlán þeirra voru þá 1.495 ma.kr. Innlán erlendra aðila voru því um 12,8% af heildarinnlánum viðskiptabankanna þriggja.

Að mati Seðlabankans eru innlánin kvikasti hluti eignar erlendra aðila héraðs. Að stærstum hluta er um að ræða fjárfesta sem tóku virkan þátt í vaxtamunarviðskiptum og læstust inni er gjaldeyrismarkaður hrundi en mega ekki fjárfesta í innlendum vaxtaberandi verðbréfum vegna lágs lánshæfismats útgefenda. Því er viðbúið að meirihluti þessara innlána streymi úr landi um leið og mögulegt verður.

Mikilvægt er fyrir innlend fjármálafyrirtæki að hafa sterkt lausafjárhlutfall jafnframt því að hugað sé að annarri fjármögnun. Innlán viðskiptamanna er hlutfallslega ódýr fjármögnun. Líklegt er að vaxtagjöld aukist eitthvað er hinir ófúsu lánveitendur hverfa á braut.

Í lok árs 2010 var lausafjárhlutfall Arion banka 24,8%, Íslandsbanka 39% og Landsbankans 45,6%. Viðskiptabankarnir þurfa að vera því viðbúin að innstæður erlendra aðila hverfi á braut. Niðurstaða strangasta álagsprófs Fjármálaeftirlitsins sem gerir ráð fyrir að erlendir innstæðueigendur fari með öll innlán sín úr landi er sú að bankarnir muni ráða við það en lausafjárstaða þeirra versni umtalsvert.²⁴

5.2.2. Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfi

Stjórnvöld hafa boðað að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar á Íslandi. Þann 11. júní síðastliðinn var samþykkt á Alþingi annað tveggja frumvarpa sem lögð voru fram á vörpingi 2011 til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Afgreiðslu hins frumvarpsins hefur verið frestað til haustsins. Síðara frumvarpið gæti haft umtalsverð áhrif bæði á verðmæti útlánasafna og rekstur fjármálafyrirtækja. Helstu áhrifaþættir eru tímamörk á nýtingarsamningum til 15 ára, bann við veðsetningu aflaheimilda, hækkun veiðigjalds og fyrning aflaheimilda. Aflaheimildir eru oft veðandlag lána til sjávarútvegsfyrirtækja. Veð banka myndu því rýrna við fyrningu aflaheimilda og takmörkun á nýtingartíma. Eiginfjárhlutföll sjávarútvegsfyrirtækja lækka sem hefur áhrif á fjárfestingargetu þeirra. Jafnframt hefur bann við veðsetningu aflaheimilda áhrif á framtíðarfjárfestingu. Greiðslugeta sjávarútvegsfyrirtækja mun versna við framangreindar breytingar. Því samfara mun greiðslugeta fjármálafyrirtækja líklega versna og þá sérstaklega í erlendum gjaldmiðlum þar sem stór hluti lána sjávarútvegsfyrirtækja er í erlendri mynt.

Af viðskiptabönkunum sem hér eru til umfjöllunar veiga lán til sjávarútvegs þyngst hjá Landsbankanum. Í árslok 2010 námu útlán hans til sjávarútvegsfyrirtækja 134 ma.kr. sem jafngildir um 22,6% af lánum til viðskiptamanna. Hjá Íslandsbanka nam fjárhæðin 68 ma.kr. eða 13,2% af lánum til viðskiptamanna og hjá Arion banka nam fjárhæðin 47,7 ma.kr. og var 10,6% af lánum til viðskiptamanna.

5.2.3. Lagaleg áhætta

Enn er um talsverða lagalega óvissu að ræða sem haft getur áhrif á rekstur og/eða fjárhagslega stöðu viðskiptabankanna. Sem dæmi má nefna óvissuna um gildi lánasamninga og framkvæmd endurútreiknings gengisbundinna lána. Þá hafa spurningar risið um ábyrgð nýju bankanna á starfsemi gömlu bankanna, um gildi neyðarlaganna og um lögmæti ríkisaðstoðar við endurreisn bankanna. Enn kann nokkur tími að líða þar til óvenjulegri óvissu í rekstri bankanna hefur verið eytt með samningum, úrskurðum eða dómum eftir atvikum.

²³ Heimild; Fjármálaeftirlitið

²⁴ Áætlun um losun gjaldeyrishafta, skýrsla Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptaráðherra., bls. 23, Seðlabanki Íslands 25. mars 2011.

5.2.4. Sérreglur um fjármálafyrirtæki í ríkiseigu

Kjararáð ákvarðar launakjör æðstu stjórnenda ríkisstofnana og fyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Þak hefur verið sett á hámarkslaun. Í samkeppnisrekstri getur slíkt fyrirkomulag reynst óheppilegt sérstaklega ef mikill launamunur myndast milli starfsmanna fyrirtækja í eigu ríkisins og fyrirtækja í einkaeigu. Hætt er við að slík þróun leiði til mikillar starfsmannaveltu sem getur skapað áhættu í rekstri er sérfræðipekking og starfsreynsla glatast.

Bankasýsla ríkisins hefur vakið athygli fjármálaráðuneytisins á því að laun bankastjóra Landsbankans eins og þau voru ákvörðuð af kjararáði séu ekki í samræmi við eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þar segir að laun stjórnenda skuli standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa án þess að vera leiðandi. Ljóst er að laun bankastjóra Landsbankans standast ekki samanburð á því sviði sem bankinn starfar. Miklar og tíðar breytingar hafa orðið í stjórnendahópi bankans frá því í október 2008. Mikilvægt er að eftir þær breytingar sem nú hafa orðið náist stöðugleiki sem er nauðsynlegur fyrirtækinu til að sinna verkefnum sínum.

5.2.5. Áhætta af ríkisábyrgð

Ríkisábyrgð á innlánnum kann að gefa fjármálafyrirtækjum falska öryggiskennd. Ótakmörkuð ábyrgð ríkis á innstæðum eða fjármögnun fjármálafyrirtækja í heild getur ýtt undir óábyrga hegðun stjórnenda. Sömuleiðis getur eignarhald ríkis á fjármálafyrirtækjum reynst óheppileg til lengri tíma þótt það hafi reynst nauðsynlegt til skamms tíma í kjölfar bankahruns. Sérstaklega á það við ef um óarðbær eða undirfjármögnuð fjármálafyrirtæki er að ræða sem annaðhvort treysta á aukin framlög ríkisins eða skæja í áhættusöm verkefni í krafti ríkisábyrgðar.²⁵

5.2.6. Hærra framlag í innstæðutryggingarsjóð og afnám ríkisábyrgðar af innlánnum

Í kjölfar neyðarlaganna var lýst yfir ríkisábyrgð á innstæðum á Íslandi þótt lög kvæðu einungis á um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggði innstæður upp að sem samsvarar 20.877 evrum. Nú er til meðferðar hjá Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um innstæðutryggingar sem gerir ráð fyrir að tryggingarvernd ríkisins verði afnumin en að fyrra lágmark hækki í 100.000 evrur. Samfara hækkun innstæðutryggingar eiga greiðslur innlánsstofnana í sjóðinn að hækka. Núverandi gjald er 0,15% af tryggðum innstæðum og greiddu viðskiptabankarnir þeir samtals 1,6 ma.kr. í Innstæðutryggingarsjóð á árinu 2010.²⁶

Þær tillögur sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að núverandi gjald hækki í 0,3% af öllum innstæðum,²⁷ auk áhættuálags sem hefur stuðulinn 0-1. Áhættustuðulinn verður ákvarðaður af Fjármálaeftirlitinu sem byggir ákvörðun sína á áhættumati eftirlitsins á viðkomandi fyrirtæki. Upphafsgjaldið er margfaldað með stuðlinum þannig að innlánsstofnun sem hefur stuðulinn 0,5 þarf að greiða 0,45% af öllum innstæðum í gjöld til sjóðsins. Samkvæmt mati viðskiptabankanna mun gjald þeirra í innstæðutryggingarsjóð nema um 5,4 ma.kr. m.v. áhættustuðulinn 0,5 sem er rúmlega fjórföldun á núverandi gjaldi. Samtals mun fjárhæð allra innlánsstofnana líklega nema 6,5-7 ma.kr. Slík fjárhæð mun draga verulega úr hagnaði og arðsemi þessara fyrirtækja.

5.2.7. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Lög um bankaskatt tóku gildi í lok árs 2010. Löggin ná til fjármálafyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki. Skattstofninn tekur mið af heildarskuldum fjármálafyrirtækisins og nemur skatturinn 0,041% af heildarskuldum. Samtals námu greiðslur viðskiptabankanna þriggja vegna bankaskatts um 0,9 ma.kr. árið 2010.

²⁵ Caprico Gerrard, Honohan Patrick: *Starting over safely: Rebuilding banking systems*, bls. 14. The World Bank 2005.

²⁶ Arionbanki 324 m.kr., Íslandsbanki 607 m.kr., Landsbankinn 680 m.kr.

²⁷ Innstæður sem njóta ekki tryggingarverndar eru innstæður fjármálafyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga og peningamarkaðsinnlán.

5.2.8. Aukinn eftirlitskostnaður


Kostnaður við fjármálaeftirlit er greiddur af eftirlitsskyldum aðilum. Efling fjármálaeftirlits eftir bankahrun hefur því leitt til aukins kostnaðar, bæði með beinum hætti þar sem eftirlitsgjald hefur hækkað, en einnig vegna eflingar þeirra sviða innan bankanna sem sinna innra eftirliti og regluvörslu, svörun til eftirlits og eftirfylgni athugasemda og krafna um úrbætur sem koma bæði frá auknu innra og ytra eftirliti.

5.3. Starfsmenn og útibú

5.3.1. Fjöldi útibúa og afgangslustaða

Útibúum og afgangslustaðum fjármálafyrirtækja fækkaði umtalsvert á árinu 2009 eða samtals um 23. Að hluta skýrist það af falli SPRON en einnig fækkuðu viðskiptabankar útibúum og afgangslustaðum sínum talsvert. Þannig voru umtalsvert fleiri íbúar um hvert útibú árið 2009 en árið 2008 er fjöldi íbúa á hvert útibú fór úr 2.087 í 2.443. Útibúum fækkaði aðeins um tvö á síðasta ári og voru 2.488 íbúar á hvert útibú í lok árs 2010.


Mynd 35: Fjöldi íbúa á hvert útibú



Heimild: Hagstofa Íslands og Bankasýsla ríkisins.

Fjöldi íbúa á hvert útibú er mjög mismunandi eftir landsvæðum. Þannig eru um 5.300 íbúar á hvert útibú og afgangslustað á höfuðborgarsvæðinu en tæplega 500 íbúar á hvert útibú og afgangslustað á Vestfjörðum. Í þessum samanburði verður að hafa í huga að á landsbyggðinni eru afgangslustaðir algengir en þjónusta þeirra er oft skert miðað við útibú og þeir eru ekki opnir jafn lengi að deginum og þau. Að öllu jöfnu er um útibú að ræða á höfuðborgarsvæðinu sem veita fulla þjónustu og eru opin stærstan hluta dagsins.


Skiljanlegt er að fleiri útibú séu á hvern íbúa á landsbyggðinni. Þar eru vegalengdir meiri og byggð fámennari. Hins vegar er ljóst að erfitt er að halda úti arðbærum útibúum þar sem færri en 1.500 íbúar eru um hvert útibú, jafnvel þótt ýmis önnur þjónusta, svo sem pósthjónusta og þjónusta tryggingarfélaganna, sé jafnframt staðsett í útibúum og gefi af sér tekjur.

Mynd 36: Fjöldi íbúa á hvert útibú eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Bankasýsla ríkisins.

Íbúar á hvert útibú á Íslandi eru töluvert færri en annars staðar á Norðurlöndum. Ísland er dreifbýlt sem útskýrir að hluta til fjölda útibúa og afgreiðslustaða. Nær helmingi fleiri íbúar eru um hvert útibú í Svíþjóð. Í Noregi, sem er líkt og Ísland dreifbýlt með miklum vegalengdum, er eitt útibú á hverja rúmlega 4.000 íbúa.

Próun í átt til færri útibúa virðist ekki vera séríslenskt fyrirbrigði sem fylgdi bankahruninu en á mynd 37 má sjá að umtalsvert fleiri íbúar eru um hvert útibú á Norðurlöndunum árið 2009 en 2008. Í Noregi fjölgaði íbúum um hvert útibú um 540 manns, á Íslandi um þeim fjölgaði minna annars staðar.

Mynd 37: Fjöldi íbúa á hvert útibú á Norðurlöndunum

Heimild: Hagstofa Íslands, Bankasýsla ríkisins og SFF.

5.3.2. Fjöldi starfsmanna í fjármálaþjónustu


Fjöldi starfsmanna í fjármálaþjónustu var nær óbreyttur milli árunna 2009 og 2010. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru starfsmenn í fjármálaþjónustu 7.900 árin 2009 og 2010. Til fjármálaþjónustu teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, tryggingarfélag, lífeyrissjóðir, eignastýringarfyritæki, eignarleigur,

fjárfestingafélög, skilaneindir og eignarhaldsfélög. Flokkun Hagstofunnar byggir á staðlaðri alþjóðlegri atvinnugreinaflokkun ISAT. Framangreindar tölur eru vel fallnar til samanburðar en flokkun með sömu stöðluðu aðferðafræði er viðhöfð í nágrannalöndum okkar. Við samanburð á fjölda starfsmanna í fjármálaþjónustu á staðallinn þannig að tryggja að allar tölur séu samanburðarhæfar.

Tölur Samtaka starfsmanna í fjármálaþjónustu (SSF), sem ná til þrengri hóps en tölur Hagstofunnar, gefa sömu vísbendingar, þ.e. að starfsmannafjöldi í banka- og fjármálaþjónustu hafi verið svipaður árin 2009 og 2010. Félagsmenn SSF voru 4.271 árið 2009, en 4.305 árið 2010. Félagar í samtökunum eru starfsmenn viðskiptabanka, sparisjóða, Seðlabankans, skilaneinda og þjónustufyrirtækja í eigu bankanna eða starfsmenn sem geta talist til bankakerfisins. Þannig eru starfsmenn lífeyrissjóða, tryggingarfélaga, Fjármálaeftirlitsins, Íbúðalánasjóðs, sérhæfðari fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga svo eitthvað sé nefnt ekki í tölum SSF, auk þess sem starfsmenn sem eru utan stéttarféлага eða í öðrum stéttarfélögum eru ekki taldir með.²⁸

Það ætti ekki að koma á óvart að starfsmannafjöldi í fjármálaþjónustu var nær óbreyttur milli ára en starfsmannafjöldi í viðskiptabönkunum þremur var einnig nær óbreyttur milli ára og fjöldi útibúa svipaður. Hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu og tryggingum er því enn með því hæsta sem þekktist, sbr. mynd 38.


Mynd 38: Starfsfólk í fjármálaþjónustu og tryggingum sem hlutfall af heildarvinnuafli



Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu og tryggingum var 3% af heildarvinnuafli að meðaltali í Evrópu-sambandinu árið 2010 miðað við atvinnugreinaflokkun ISAT. Líkt og árið 2009 var hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu á Íslandi með því hæsta sem þekktist í Evrópu eða 4,8%. Hvað starfsmannafjölda varðar skipar Ísland sér meðal fjármálaþjóða eins og Sviss, Írlands og Bretlands. Lúxemborg sker sig nokkuð úr í þessum samanburði en um 12,4% vinnufærra manna vinnur í fjármálaþjónustu og tryggingum eða rúmlega fjórfalt fleiri en annars staðar í Evrópu.


²⁸ Samkvæmt upplýsingum frá SSF.

Mynd 39: Starfsfólk í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli árið 2010

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.

5.3.3. Hlutdeild fjármálaþjónustu og trygginga í landsframleiðslu

Á síðustu þremur árum hefur verulega dregið úr hlut fjármálaþjónustu og trygginga í landsframleiðslu. Hlutfall fjármálaþjónustu og trygginga í landsframleiðslu var 9% á árunum 2005 – 2008, en er nú 4,8% (sjá mynd 40). Hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu og tryggingarstafsemi af heildarvinnuafli var þó hærra árið 2010 en árið 2005 þrátt fyrir að tillag til landsframleiðslu hafi verið nærri helmingi minna árið 2010 en árið 2005. Hlutfall fjármálaþjónustu og trygginga í landsframleiðslu var, þegar mest var, nærri tvöfalt hærra en hlutfall starfsmanna.

Mynd 40: Starfsfólk í fjármálaþjónustu og tryggingum sem hlutfall af heildarvinnuafli og hlutur fjármálaþjónustu í vergri landsframleiðslu

Heimild: Hagstofa Íslands.

5.4. Stærðarhagkvæmni og samruni í bankarekstri

5.4.1. Stærðarhagkvæmni í bankarekstri

Ýmsar fræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar á stærðarhagkvæmni í bankarekstri. Þegar niðurstöður rannsókna síðustu þriggja áratuga á þessu viðfangsefni eru skoðaðar mætti við fyrstu sýn ætla að engin afgerandi niðurstaða hefði fengist. Ástæðan fyrir mismunandi og jafnvel misvísandi niðurstöðum liggur m.a. í því að tímabilið sem er til skoðunar er nokkuð langt og töluverðar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi banka á þessum tíma. Þá hafa rannsóknirnar mismikla skírskotun til íslensks raunveruleika. Stærðarhagkvæmni, eða skortur þar á, við samruna ofurbanka á alþjóðlega mælikvarða hefur afar litla þýðingu fyrir íslenskan raunveruleika þar sem öll fjármálafyrirtæki eru hlutfallslega lítil.

Niðurstöður rannsókna frá níunda og tíunda áratug síðustu aldar skila mismunandi niðurstöðum. Nýlegar rannsóknir sýna fram á að stærðarhagkvæmni hafi margfaldast á síðustu 30 árum (DeYoung Mester 2009).²⁹ Þannig hefur stærð hagkvæmstu fjármálafyrirtækja farið úr því að vera metin um 0,5 – 1 ma. USD í að minnsta kosti 25 ma. USD á tímabilinu frá 1980 – 2000.

Rannsóknir þar sem skoðuð var arðsemi fjármálafyrirtækja á níunda áratugnum bentu flestar til að hagkvæmasta stærð þeirra væri vel undir 10 ma. USD. Rannsókn Robert DeYoung (1993) benti til að hagkvæmasta stærð banka í byrjun níunda áratugarins hefði aðeins verið 1 ma. dala³⁰ m.v. þáverandi verðlag. Rannsóknir frá lokum tíunda áratugarins sýna hins vegar að stærðarhagkvæmni hafði aukist verulega. Rannsókn Allen Berger og Loretta Mester (1997) á stærðarhagkvæmni á tíunda áratugnum benti til að hagkvæmasta stærð banka væri í kringum 25 ma. USD³¹ en meginniðurstaða í rannsókn þeirra var að stærðarhagkvæmi hefði margfaldast milli níunda og tíunda áratugarins. Nýjustu rannsóknir benda til að stærðarhagkvæmni hafi enn aukist.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja á síðustu þrjátíu árum. Upplýsingatækni skiptir sífellt meira máli í bankarekstri með tilheyrandi auknum kostnaði. Á því tímabili sem framangreind rannsókn Robert DeYoung frá árinu 1993 beindist að voru vextir reiknaðir í höndunum og upplýsingakerfi nær óþekkt í bönkum. Nú eru vel búin og mönnum upplýsingatækisvið nauðsynleg í öllum bankarekstri, hvort heldur sem er innan fyrirtækjanna eða með útvistun til sérhæfðra þjónustuaðila. Flóknari fjármálaafurðir samfara aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina og eftirlitsaðila hefur gert þessa þróun óhjákvæmilega. Þá gerir flóknari rekstur kröfu til þess að hægt sé að taka saman og greina upplýsingar til þess að tryggja viðunandi áhættustýringu. Mikill stofnkostnaður fylgir fjárfestingu í tölvu- og upplýsingakerfum. Kostnaður við rekstur tölvu- og upplýsingakerfa eykst hins vegar lítið með stærð.


Auk upplýsingatæknikostnaðar má benda á að flóknara lagaumhverfi og aukið eftirlit hefur aukið rekstrarkostnað fjármálafyrirtækja á síðustu áratugum. Breytt vaxtaumhverfi skipti einnig verulegu máli, en vextir lækkuðu milli níunda og tíunda áratugarins. Hátt vaxtaumhverfi veitir smærri og óhagkvæmari bönkum skjól.

Niðurstaða rannsókna á stærðarhagkvæmni er því skýr. Stærðarhagkvæmni í bankarekstri hefur aukist á síðustu áratugum. Íslensk fjármálafyrirtæki eru töluvert langt frá því að ná hagkvæmstu stærð. Jafnvel samanlögð stærð allra viðskiptabankanna nær ekki hagkvæmstu stærð.

²⁹ De Young, Robert; Feldman, Ron; Mester, Loretta: *Scale Economies in Banking*. The Federal Reserve Bank of Minneapolis (2009).


³⁰ De Young, Robert: *Determinants of Cost Efficiencies in Bank Mergers*. Office of the Comptroller of the Currency Economic & Policy Analysis (1993).

³¹ Berger, Allen; Mester, Loretta: *Inside the black box: What explains difference in the efficiencies of financial institutions*. *Journal of Banking and Finance* (1997).

Mynd 41. Stærð norrænna banka árið 2010. Hagkvæmri stærð er náð eftir rauðmerktu súlurnar

Heimild: Nordic Banks, Danske Bank September 2010.

Ef skoðaður er rekstrarkostnaður helstu banka á Norðurlöndum á tímabilinu 2001–2010 miðað við stærð þeirra kemur í ljós greinileg fylgni milli stærðar og hagkvæmni. Greinilegur munur er á hagkvæmni í rekstri milli þeirra banka sem eru með efnahag undir 10.000 ma.kr. og þeirra sem eru um og yfir 30.000 ma.kr. að stærð. Þessi athugun, sem vissulega nær ekki til margra banka, bendir hins vegar ekki til þess að aukin stærð umfram 30.000. ma.kr. skili hagkvæmari rekstri.

Mynd 42: Stærð banka á Norðurlöndum og kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna (2001-2010)

Heimild: Nordic Banks, Danske Bank September 2010.

Sjá má að kostnaður var undir 1,5% af meðalstöðu eigna hjá öllum stærri bönkunum þ.e. bönkunum með eignir yfir 10.000 ma.kr. en hærri hjá minni bönkunum. Á tímabilinu 2001 – 2010 lækkaði kostnaður miðað við meðalstöðu eigna umtalsvert hjá þessum bönkunum og fór að meðaltali úr 1,8% árið 2001 í 1,1 – 1,2% á árunum 2008 til 2010.

Nokkrir bankar skera sig úr eins og til dæmis Svenska Handelsbanken (SHB) sem var með kostnaðarhlutfallið 0,7% að meðaltali og DnB Nor sem var með kostnaðarhlutfallið 1,4% að meðaltali. Báðir bankarnir

eru á meðal stærstu banka á Norðurlöndum. Hjá litlu bönkunum skar Ringkjöbing Landbobank sig úr með kostnaðarhlutfallið 1,7% að meðaltali. Hafa verður í huga að bankarnir geta verið með mismikla áherslu á viðskiptabanka- eða fjárfestingabankastarfsemi. Íslensku viðskiptabankarnir teljast til minni bankanna, en eignir Landsbankans voru 1.081 ma.kr. í lok árs 2010.

Reglulegur rekstrarkostnaður íslensku viðskiptabankanna sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var á bilinu frá 1,6 – 2,6% á árinu 2010, sjá nánari umfjöllun í kafla 3.1.2.4. Þannig var reglulegur rekstrarkostnaður Íslandsbanka sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2,6%, 2,2% hjá Arion banka og 1,6% hjá Landsbankanum. Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna viðskiptabankanna jókst frá árinu 2009 þegar hlutföllin voru 1,4 – 2,3%.

5.4.2. Hagkvæm bankakerfi

Rannsóknir Steven Fries og Anita Taci (2004) á endurskipulagningu bankakerfa Austur-Evrópu eru einkar athyglisverðar í ljósi þeirrar vinnu sem fram undan er við endurskipulagningu og hagræðingu í íslenska bankakerfinu. Þeir þættir sem höfðu mest áhrif á skilvirkni og hagkvæmni bankakerfa í löndum Austur-Evrópu lutu annars vegar að þjóðhagslegum þáttum eins og lágu vaxtastigi sem tengdist stöðugu efnahagsástandi og aðkomu erlendra banka að bankamarkaði viðkomandi ríkja. Hins vegar voru þættir sem tengdust rekstri fjármálafyrirtækjanna sjálfra afgerandi, þ.e. aðgangur að fjármagni öðru en innlánnum og stærð eða markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækis.³² Þannig voru bankar sem háðir voru innstæðum og með litla markaðshlutdeild líklegir til að vera óskilvirkir. Sömuleiðis voru bankakerfi landa með hátt vaxtastig og enga erlenda banka líklegri til að vera dýrari og óskilvirkari.

5.4.3. Sameiningar banka

Stærðarhagkvæmni hefur mikil áhrif á ávinning af samruna en samruni tveggja stórra banka þ.e. banka með um 50 ma. USD í eignir ætti tæplega að vera hagkvæmur út frá útreikningum um stærðarhagkvæmni. Af framansögðu er ljóst að miklu máli skiptir hvenær athugun á hagkvæmni samruna á sér stað. Í þessu samhengi eru rannsóknir Joel Houston, Michael Ryngaert og Christopher James athyglisverðar en þeir fá ólíka niðurstöðu fyrir hagkvæmni bankasamruna annars vegar árið 1994 og hins vegar 2001, þrátt fyrir að nota samskonar aðferðafræði í bæði skiptin. Fyrri rannsóknin skoðaði tímabilið frá 1985 til 1991 en sú seinni frá 1985 til 1996. Niðurstaða þeirra frá 1994 var sú að samruni skilaði hluthöfum að meðaltali ekki marktækt hærri ávöxtun eða einungis 0,38% hærri ávöxtun en markaðsávöxtun.³³ Í rannsókn sinni árið 2001 skipta þeir hins vegar tímabilinu í tvennt. Annars vegar frá 1986 til 1990 og svo frá 1991 til 1996. Fyrri tímabilið gefur líkt og áður ekki marktækan ávinning af samruna en seinna tímabilið gefur marktækan ávinning af samruna sem skilaði 3,11% umframávöxtun.³⁴ Í báðum rannsóknum voru aðeins skoðuð tilfelli þar sem um stóran samruna var að ræða. Miðgildi stærðar yfirtöku bankanna á fyrri tímabilinu var 18,4 ma. USD og yfirtekna bankans 7,4 ma. USD. Á seinna tímabilinu var miðgildi yfirtöku bankans 29,3 ma. USD og yfirtekna bankans 9,7 ma. USD. Þannig falla rannsóknir Joel Houston og Michael Ryngaert vel að rannsóknum um stærðarhagkvæmni þ.e. að meðaltali voru sameinaðir bankar á níunda áratugnum langt yfir hagkvæmstu stærð en rétt yfir hagkvæmstu stærð á þeim tíunda þegar sameiningar skiluðu mun meiri árangri.

Sameiningar geta aukið samkeppni

Joel Houston og Michael Ryngaert eru ekki einir um að hafa endurskoðað rannsóknir sínar á hagkvæmni samruna. Allen Berger og David Humphrey sem einnig hafa skrifað fjölda greina um hagkvæmni samruna komast að því í grein sinni „*Megamergers in banking and the use of cost efficiency as an antitrust defense*“ frá 1992 að sameining stórra banka skilaði ómarktækt skilvirkari bönkum með lægra

32 Fries, Steven; Taci Anita: Cost efficiency and banks in transition: *Evidence from 289 banks in 15 post-communist countries*, European Bank for Reconstruction and Development, (2004).

33 Houston, Joel; Ryngaert, Michael: Overall gains from large bank mergers, *Journal of Banking and Finance* (1994).

34 Houston, Joel; James Christopher; Ryngaert, Michael; *Where do merger gains come from? Bank Mergers from the perspective view of insiders and outsiders.*, *Journal of Financial Economics* (2001).

kostnaðarhlutfall.³⁵ Í endurskoðaðri grein um hagkvæmni samruna: „*The Effects of Megamergers on Efficiency and Prices: Evidence from a Bank Profit Function*“ frá 1997 komast þeir að nokkuð annarri niðurstöðu þrátt fyrir að nota sömu gögn. Í seinni rannsókninni er horft á samanlögð áhrif samruna á tekjur og kostnað og komast þeir þá að því að samruni sé marktækt hagkvæmur.³⁶ Seinni rannsókn þeirra bendir til að útlánageta og samkeppnishæfni bankanna aukist við sameiningu. Fjármagn sem áður var bundið í ríkisskuldabréfum fer í útlán samfara aukinni útlánagetu og betri áhættudreifingu í eignasafni.

Eiga þessi rök sérstaklega vel við um minni fjármálafyrirtæki á Íslandi en lög kveða á um að ekki megi lána meira en 25% af áhættugrunni til tengdra aðila. Flest fjármálafyrirtæki setja sér markmið um að þak á stórar áhættuskuldbindingar sé lægra en lagaskylda kveður á um og miða t.d. við að ekki sé farið yfir 10 eða 15% af eiginfjárgrunni. Fjármálafyrirtæki sem hefur undir 1 til 2 ma.kr. í eigið fé getur því tæplega lánað meira en 100 m.kr. og er samkeppni um viðskipti á fyrirtækjamarkaði því ekki til að dreifa nema í flokki allra smæstu fyrirtækja.

Berger og Meister komast einnig að þeirri niðurstöðu, í grein sinni frá 2001, að bankasamruni sé hagkvæmur.³⁷ Jafnframt komast þau að því að framleiðni jókst umtalsvert í bankarekstri á árunum 1991 til 1997 sem á sér margar sömu skýringar og aukin stærðarhagkvæmni í bankarekstri.

Eðli samruna skiptir miklu máli þegar kemur að því að meta ávinning af honum. Samruni sem ætlaður er til hagræðingar er mun líklegri til að skila árangri en samruni sem ætlaður er að ná aukinni markaðshlutdeild.³⁸ Samruni með skýr markmið um kostnaðarhagræðingu er líklegri til að skila jákvæðri niðurstöðu.³⁹

5.4.4. Aukinnar hagræðingar þörf

Engin þeirra rannsókna sem vitnað hefur verið til bendir til að sameiningar skili óhagræði í rekstri. Nokkrar og þá sérstaklega eldri rannsóknir benda til að ekki hefði náðst marktækur árangur með sameiningum. Í þessu samhengi verður að horfa til þess að tími og stærð sameiningar skiptir máli. Ekkert íslenskt fjármálafyrirtæki nær stærð sem telst hagkvæm. Eðli sameiningar skiptir miklu máli, en sameining með kostnaðarhagræðingu að leiðarljósi er líkleg til árangurs.

Hár rekstrarkostnaður íslenska bankakerfisins kallar á aukna hagræðingu. Auk innri hagræðingar gæti sameining fjármálafyrirtækja verið skref í þá átt. Hætta á yfirtöku getur verið hvati fyrir fjármálafyrirtæki til að ná aukinni hagræðingu í rekstri. Of stífar og hamlandi reglur um sameiningar geta leitt til þess að stærri fjármálafyrirtæki verða róleg um stöðu sína og þannig með óbeinum hætti leitt til óhagræðis í bankakerfinu.

Sameining minni fjármálafyrirtækja er líkleg til að leiða til aukinnar samkeppni en takmörkuð útlánageta og smæð veldur því að þær geta aðeins þjónað hluta markaðarins á staðbundnum svæðum og eru því ekki líklegar til að veita stærri fjármálafyrirtækjum raunverulega samkeppni.

35 Berger, Allen; Humphrey, David: *Megamergers in banking and the use of cost efficiency as an antitrust defense*. The Antitrust Bulletin (1992).

36 Akhavein, Jalad; Berger, Allen; Humphrey, David: *The Effects of Megamergers on Efficiency and Prices: Evidence from a Bank Profit Function*. Review of Industrial Organization (1997).

37 Berger, Allen; Mester Loretta: *Explaining the Dramatic Changes in Performance of U.S. Banks Technological Change, Deregulation, and Dynamic Changes in Competition*. Federal Reserve Bank of Philadelphia (2001).

38 Houston, Joel; James Christopher; Ryngaert, Michael; *Where do merger gains come from? Bank Mergers from the perspective of insiders and outsiders*. Journal of Financial Economics (2001).

39 Rohades, Stephen: *The efficiency effects of bank mergers: An overview of case studies of nine mergers*. Journal of Banking and Finance (1998).

Útgefandi:
Bankasýsla ríkisins
Borgartúni 3, 105 Reykjavík
Sími: 550-1700
Tölvupóstur: bankasysla@bankasysla.is
Veffang: www.bankasysla.is
Ritstjórn: Elín Jónsdóttir

